

ROLEX



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909  
Laugavegur 15 • 101 Reykjavík • 511 1900 • www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Gleðilegt  
nýtt ár!  
GUDJÓNÓ  
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 30. desember 2009 – 29. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

## EFNISYFIRLIT

Áhrifafólk  
viðskiptalífsins  
gerir upp árið

síður 14 til 18



Bestu og verstu  
viðskipti ársins

sjá síður 2 og 4



Innlendur  
fréttáannáll

síða 10



Erlendur  
fréttáannáll

síða 12



Danir kíkja í  
kristalskúluna

síða 20



HILMAR V. PÉTURSSON OG JÓN SIGURÐSSON:

# MENN VIÐSKIPTALÍFSINS

# 2009

LINDBERG.COM



**LINDBERG KID/TEEN**  
margverðlaunaðar barnaumgjærðir  
sem farið hafa sigurför um heiminn  
– vega aðeins 2,3 grömm eða 0,01% af  
meðalþunga 6 ára barns  
3ja ára ábyrgð!

*Gleðilegt ár og þökkum viðskiptin á árinu!*

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



# Skráning Össurar í Kaupmannahöfn viðskipti ársins

Mörg viðskipti komust á blað yfir þau bestu á árinu. Ein stóðu þó upp úr. Valið var sérstaklega erfitt og skiptist dómnefnd Markaðarins í tvö horn. Nokkrir dómnefndarmanna sögðu mörg lítil viðskipti hafa staðið upp úr, aðrir voru á neikvæðari nótum og sögðu engin eiga það skilið að teljast góð. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði valið.

**N**íu viðskipti komust á blað sem viðskipti ársins, að mati dómnefndar Markaðarins. Dómnefndin viðurkendi að valið væri erfitt. Sumir sögðu mörg viðskipti hafa verið góð, aðrir að engin gætu fallið í þann flokk.

## 1. SÆTI

Skráning hlutabréfa Össurar í kauphöllina í Kaupmannahöfn í Danmörku í byrjun september fékk flest stig dómnefndar þetta árið. „Með því tókst fyrirtækinu að nýta sér styrk kjölfestufjárfestis til að tryggja framtíðarfjármögnun fyrirtækisins,“ sagði einn dómnefndarmanna í rökstuðningi sínum fyrir valinu. Aðrir bentu á frábært uppgjör Össurar við erfiðar aðstæður auk þess að gengi hlutabréfa fyrirtækisins hafi hækkað mikið upp á síðkastið.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir skráninguna afleiðingu af hrininu hér í fyrra. „Þegar gjaldeyrishöftin voru sett á í nóvember gátu erlendir hluthafar okkar ekki hugsað sér að vera með verðmæti föst hér á landi. Þótt hluthafarnir erlendu væru mjög ánægðir með félagið sjálf urðu þeir afar óhressir með staðsetningu þess. Við ákváðum því að skrá félagið á þeim stað sem erlendir hluthafar treysta best,“ segir Jón og bætir við að Danmörk hafi verið rökrétt skref. Stærsti hluthafahópurinn sé þaðan, svo sem lífeyrissjóðurinn ADP. Þá sé þar í landi skráður góður hópur af fyrirtækjum á heilbrigðissviði.

Skráning fyrirtækisins ytra fékk talsverða umfjöllun í dönskum fjölmiðlum. Jón segir þrátt fyrir þetta erfitt að vera Íslendingur ytra. „Það er í raun ekki jákvætt fyrir fyrirtækið að ég skuli vera Íslendingur,“ segir hann en bætir við að þetta sé skammtímaástand sem muni líða hjá. „Við munum vinna okkur traust, en það tekur tíma.“

Talsverð eftirspurn varð eftir hlutabréfunum og þurrkuðu lífeyrissjóðir og aðrir fagfjárfestar þau hlutabréf sem í boði voru. Þetta skilaði sér í litilli hreyfingu með bréfin þar eð fjárfestar voru reglir til að selja nema fyrir herra verð en markaðurinn bauð upp á.

Ný hlutabréf Össurar voru gefin út ytra

í nóvember í því skyni að auka flotið en við það komst hreyfing á veltuna. Aukningin jafngilti því að hlutfé fyrirtækisins var aukið um tæp sjö prósent. Jón segir verðmyndun hlutabréfanna mun betri í dag en áður.

Fjögur fyrirtæki greina Össur nú ytra. Þar á meðal er sænski bankinn SEB Enskilda, sem sá um skráningu fyrirtækisins í Kaupmannahöfn.

Í nýlegu og verulega uppfærðu verðmæti Enskilda á stoðtækjafyrirtækinu segir að uppgjör Össurar á þriðja ársfjórðungi hafi verið talsvert yfir væntingum þrátt fyrir vandræðagang í Bandaríkjunum. Félagið eigi mikið inni enda vonir bundnar við rafeindastýrðar vörur Össurar með gervigreind auk þess sem vænta megi betri sölu í öðrum vöruflokkum í nánustu framtíð. Á meðal varanna sem áætlað er að komi á markað á nýju ári er nýjasta kynslóð rafdrifinna Powerhjáa.

Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu, sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum, mikla eftirspurn eftir bréfunum ekki koma sér á óvart enda rekstur Össurar sterkur og sjóðstreymið frábært. Skiljanlega vilji því þeir fjárfestar sem keyptu bréf fyrirtækisins á genginu fimm danskar krónur á hlut ekki selja þau í bili. Hæst fóru þau ytra í 6,15 danskar krónur á hlut, eða sem nemur 150 íslenskum krónum. Verðmat Enskilda hljóðar hins vegar upp á 8,2 krónur á hlut, eða 200 íslenskar krónur.



JÓN MED VÖRURNAR Talsverður áhugi varð á stoðtækjafyrirtækinu Össuri á Norðurlöndunum um það leyti sem hlutabréf þess voru skráð á markað í Kaupmannahöfn. MARKAÐURINN/GVA

## Áratugur á markaði

Um miðjan október var áratugur síðan hlutabréf Össurar voru skráð á markað hér, sem þá nefndist Verðbréfaþing Íslands.

Össur Kristinsson stofnaði stoðtækjafyrirtækið árið 1971, ári eftir að hann sneri heim úr námi í stoðtækjafraeðum í Stokkhólmi í Svíþjóð, sem þá var Mekka þeirra fræða á heimsvísu.

Nokkru eftir stofnun fyrirtækisins hóf Össur að þróa sílikonhulu sem klædd var upp á stúf þeirra sem misst höfðu

útlím og gervifótur festur við. Eftir að hafa veðsett hús fjölskyldu sinnar og foreldra tryggði hann sér loks einkaleyfi fyrir hulsuna árið 1986. Þá tóku hjólin að snúast af krafti og átti fyrirtækið í erfiðleikum með að anna eftirspurn.

Þremur árum síðar steig Össur úr forstjórastólnum og er nú nokkuð um liðið frá því að hann hafði afskipti af fyrirtækinu.

Jón Sigurðsson hafði setið við stýrið í þrjú ár þegar stoðtækjafyrirtækið

var skráð á markað. Starfsmenn þá voru í kringum fimmtíu. Þeir eru nú á annað þúsund og áætla forstjórinn að fyrirtækið sé nú 22-sinnnum stærra en þegar hlutabréf þess voru fyrst tekin til viðskipta fyrir áratug.

Stór hluti starfsemi fyrirtækisins í dag er í Bandaríkjunum og flytur Jón Sigurðsson þangað fljótlega. Óráðið er hversu dvölin ytra verður löng en hann reiknar með að hún verði endurskoðuð á um hálfárs fresti.



## Hvaða lausnir henta þinni starfsemi?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum VALITOR um hvaða lausnir henta þér best.

Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi og skjóta þjónustu.

VISA og Mastercard færsluhirðing!



Hafðu samband í síma  
**525 2080**  
og kynntu þér málið

**VALITOR**

–Traustur íslenskur þjónustuaðili

# Höfuðstólslækkun á erlendum lánum fyrir tækja

## Íslandsbanki kynnir úrræði fyrir atvinnulífið

Starfsfólk Íslandsbanka hefur undanfarið ár unnið að lausnum fyrir viðskiptavinum bankans, bæði einstaklinga og fyrirtæki. Úrlausnir fyrir einstaklinga voru kynntar fyrr á árinu en á nýju ári munum við kynna fyrirtækjum lausnir sem meðal annars fela í sér lækkun höfuðstóls erlendra lána. Þessum lausnum er ætlað að draga úr gengisáhættu og stuðla að traustari rekstrargrundvelli fyrirtækja.

### Hvernig virkar höfuðstólslækkunin?

Höfuðstóll erlendra lána er lækkaður miðað við ákveðið gengi. Um leið er láninu breytt í íslenskar krónur.

### Hve mikil er lækkunin?

Miðað við skráð gengi hjá Íslandsbanka þann 15. desember 2009 verður lækkunin um 25% að meðaltali.

### Geta öll fyrirtæki nýtt sér höfuðstólslækkun?

Höfuðstólslækkun verður einungis í boði fyrir þau fyrirtæki sem eru með tekjur í íslenskum krónum og tóku erlend lán fyrir 15. október 2008. Lánin þurfa að vera í skilum.

### Hvernig lán falla undir þetta úrræði?

Erlend lán fyrirtækja, þar með talin lán hjá Íslandsbanka fjármögnun vegna kaupa á bifreiðum, atvinnutækjum og atvinnuhúsnæði.

### Hvenær verður þessi lausn í boði?

Fyrirtæki munu geta sótt um höfuðstólslækkun á fyrsta ársfjórðungi 2010.

**Íslandsbanki mun kynna nánari tímasetningar á nýju ári.**

## Í hnotskurn

- Fyrir fyrirtæki með erlend lán og tekjur í íslenskum krónum
- Að meðaltali 25% lækkun höfuðstóls erlendra lána
- Styrkir rekstrargrundvöll fyrirtækja og dregur úr gengisáhættu

islandsbanki@islandsbanki.is  
www.islandsbanki.is  
Sími 440 4000

  
Íslandsbanki



**HÚSAKYNNI MOGGANS** Kaup fjárfestanna sem keyptu Árvakur frá Glitni snemma á árinu eru talin verstu viðskipti ársins. MARKAÐURINN/GVA

## Kaup á Árvakri verstu viðskipti ársins

**E**inungis fern viðskipti féllu í flokk með verstu viðskiptum ársins. Engir tveir þátttakendur í könnun Markaðarins völdu sömu viðskiptin utan ein, sem allir nema einn nefndu. Það voru kaup fjárfestahópsins Þórsmerkur á Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, undir lok febrúar sem teljast verstu viðskipti ársins, að mati dómnefndar Markaðarins.

Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi formaður banka-ráðs Landsbankans og stærsti hluthafi bankans, var helsti hluthafi Árvakurs. Eftir fall bankans í október í fyrra var Nýi Glitni, helsti lánardrottinn Morgunblaðsins, með örlög þess í höndum sér.

Í byrjun árs ákvað bankinn að setja útgáfufélagið í opið söluferli. Búið var við að kaupendur þyrftu að reida fram hálfan milljarð króna ásamt því að taka yfir um 4,6 milljarða króna lán sem var arfleifð fyrri eigenda.

En fjárfestar voru regir til að opna veskið. Á endanum átti fjárfestahópur undir forystu Óskars

Magnússonar, fyrrverandi forstjóra Tryggingamiðstöðvarinnar, besta tilboðið. Innan hópsins er Guðbjörg Matthíasdóttir, eigandi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, sem var stærsti hluthafi Tryggingamiðstöðvarinnar í stjórnartíð Óskars. Aðrir voru Gunnar B. Dungal, stundum kenndur við Pennann, Þorgeir Baldursson hjá Odda, Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri fiskverkunarinnar Vísis í Grindavík, og Þorsteinn Már Baldvinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Glitnis og forstjóri Samherja. Athafnamaðurinn Bolli Bollason, kenndur við tiskuvöruslunina Sautján, bættist síðar í hópinn.

Kaupverð hefur aldrei verið gefið upp að öðru leyti en því að það var tvö hundruð milljónum hærra en boð ástralska aðmannsins Steves Cosser. Íslandsbanki og Landsbankinn afskrifuðu tæpa þrjú milljarða króna vegna viðskiptanna. „Þetta var endaleysis verð,“ skrifaði einn í dómnefnd Markaðarins. Aðrir bentu á mikinn taprekstur í gegnum tíðina og lítil von væri að sneri til betri vegar.

## Önnur vond viðskipti

Dómnefnd Markaðarins nefndi einungis fern önnur vond viðskipti á árinu. Hér eru þau í engri sérstakri röð:

- Ríkisvæðing fyrirtækja og hæg sala til markaðarins á ný. Yfirtaka bankanna á fyrirtækjum er skaðleg þjóðarbúskapnum.
- Kaup félaga tengdra Karli og Steingrími Wernerssonum og Engeyingunum Benedikt og Einari Sveinssonum á turni í Makió.
- Steingrímur J. Sigfússon og Icesave-samningurinn.
- Aðkoma ríkisins að Teymi með niðurskrift skulda upp á 30,8 milljarða króna.

# Margir komust á blað

**A**ðkoma erlendra fjárfesta hér og og alþjóðlegar tengingar Frónbúa við umheiminn voru dómnefnd Markaðarins ofarlega í huga að þessu sinni í vali á viðskiptum ársins. Það er enda skiljanlegt í skugga strangra gjaldeyrishafta sem reist hafa mörlandanum múr og lokað inni með íslenskar krónur í vasanum.

Þeir eru eftirfarandi í stafrófsröð:

### MAREL OG NÝIR HLUTHAFAR

Kaup bandaríska fjárfestastjóðsins Columbia Wanger Asset Management, dótturfélags Bank of America, á rúmum fimm prósentum hlut í Marel í september komust á blað sem viðskipti ársins. Kaupin voru á genginu 59 krónur á hlut, jafnvirði 1,9 milljarða króna, sem verður að teljast hagstætt fyrir báða aðila. Gefin voru út ný hlutabréf í Marel í tengslum við viðskiptin auk þess sem Horn, fjárfestingafélag Landsbankans, seldi úr eignasafni sínu.

Við kaupin jókst hlutur erlendra aðila í Marel úr ellefu prósentum í sextán. Til samanburðar áttu erlendir áðilar ekkert í Marel í byrjun árs 2006.

Þá komst hlutafjárukning Marel í lok nóvember á blað en í henni skiptu íslenskir lífeyrissjóðir og innlendir fagfjárfestar stórum hluta af tveimur skuldabréfaflokkum félagsins í hlutafé upp á sjö milljarða króna.

### MAGMA ENERGY OG HS ORKA

Kaup kanadíska félagsins Magma Energy á HS Orku á Reykjanesi undir lok árs fékk stig hjá dómnefndinni. Félagið eignaðist 41 prósent hlut í HS Orku með kaupum á hlut Geysis Green Energy, Orkuveitu Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Sandgerðis fyrir samtals fimmtán milljarða króna. Magma Energy greiðir 6,2 milljarða út en afganginn á þremur árum. „Félagið fékk



**TÆKIN SKOÐUÐ** Hlutafjárútböð Marel og aðkoma erlendra fjárfesta er á meðal bestu viðskipta ársins að mati dómnefndar Markaðarins. MARKAÐURINN/GVA

## Önnur viðskipti

- Kaup á ríkistryggðum skuldabréfum – ávöxtunin hefur verið í kringum tuttugu prósent.
- Ragnar Bragason leikstjóri – hefur gert samninga fyrir hönd Jóns Gnarr og Péturs Jóhanns Sigfússonar á erlendri grundu

frábæra fjármögnun frá seljendum og verðið virðist mjög sanngjarnt,“ sagði einn dómnefndarmanna.

### SALA LS RETAIL TIL MICROSOFT

Kaup bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft á hugbúnaðarlausninni LS Retail AX frá LS Retail í september komst á blað sem ein af stærstu viðskiptum ársins.

Hugbúnaðurinn er notaður í verslunarkerfum sem nefnast Dynamics AX og notað í um 140 löndum. Kaupverð hefur aldrei verið gefið upp að öðru leyti en því að þetta hafi verið einhver stærsta sala á hugbúnaði í Íslandssögunni. Greint var frá því í fjölmiðlum eftir viðskiptin að þegar mest var hafi um tvö hundruð manns komið að því að ljúka söluinni.

### VOGUNARSJÓÐIR

Kaup ýmissa vogunarsjóða á skuldabréfum gömlu bankanna eiga fyllilega rétt á sér sem bestu viðskipti ársins. Vogunarsjóðirnir keyptu skuldabréf Glitnis, Kaupþings og Landsbankans á útsöluverði nokkru eftir hrun bankanna í fyrrahaust. „Þeir sem keyptu í upphafi árs hafa grætt mikið,“ sagði einn um viðskipti sjóðanna.

Dæmi eru um að skuldabréf Landsbankans hafi selst með 99,9 prósentu afslætt en hinna bankanna með um 98 prósentu afslætti. Afslátturinn þá jafngilti því að eigendur skuldabréfanna byggjust við að fá um tvö prósent krafna upp í skuldir úr þrotabúi bankanna. Heimtur hafa reynt talsvert betri en gert er ráð fyrir að kröfuhafar Kaupþings fái 23 prósent til baka, Glitnis 21 prósent og Landsbankans 4,5 prósent.

Þetta jafngildir því að þeir sem keyptu kröfur Landsbankans hafi hagnast um 4.400 prósent en hinna bankanna beggja í kringum eitt þúsund prósent.

Viðskiptablaðið greindi frá því fyrir skömmu að veltan með skuldabréf bankanna undanfarið ár hafi verið á bilinu tólf til fjórtán milljarða evra, jafnvirði 2.200 milljarða króna.

Með samningi kröfuhafa frá í haust eignast þeir nú hlut, mismikinn þó, í nýju bönkunum. Kröfuhafar Glitnis eignast 95 prósent í Íslandsbanka, en kröfuhafar Landsbankans nítján prósent.



**FRÁ REYKJANESI** Magma Energy er sagt hafa fengið gott verð fyrir fjórutíu prósentu hlut í HS Orku. MARKAÐURINN/VALLI



MEÐ BORGUN  
TEKUR ÞÚ VIÐ  
ÖLLUM KORTUM

## Gleðilega hátíð og farsælt nýtt ár

Um leið og við þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða óskum við landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

Ármúla 30 | 108 Reykjavík  
Sími 560 1600 | www.borgun.is

**BORGUN**





*Gledilega hátíð!*

## VERÐMÆTUR KRAFTUR

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar. Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.

**NA** NORDURÁL  
Century ALUMINUM

# Ár rekstrarmannanna runnið upp

Hilmar V. Pétursson, forstjóri netleikjafyrirtækisins CCP, og Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjaframleiðandans Össurar, eru menn ársins í viðskiptalífinu árið 2009 í kosningu Markaðarins. Þeir þykja hafa stýrt fyrirtækjunum vel og náð að halda stefnu þrátt fyrir hamfarir í íslensku efnahagslífi. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson ræddi við þá um rekstrarumhverfið og horfurnar.

Þetta hefur verið ár íslenskra framleiðslufyrirtækja eftir mörg erfið undanfarin ár. Svo tók einn dómnefndarmanna til orða í rökstuðningi sínum fyrir vali á milli ársins í íslensku viðskiptalífi.

Þegar talið var upp úr kössunum að þessu sinni reyndust menn viðskiptalífsins tveir: þeir Hilmar V. Pétursson, forstjóri netfyrirtækisins CCP, sem á og rekur fjölþáttökuleikinn EVE Online, og Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, sem hlýtur titilinn í annað sinn á jafn mörgum árum.

Árið var báðum fyrirtækjum gott. CCP hagnaðist um 6,2 milljónir dala á fyrstu sex mánuðum ársins og raut við það milljarðakróna múr sprotafyrirtækja. Fyrirtækið er með nokkra fjölþáttökuleiki í smíðum, þar á meðal byltingarkennða skotleikinn Dust 514. Þá sló CCP enn eitt metið þegar áskrifendur urðu rúmlega 320 þúsund fyrr í þessum mánuði og urðu þá þremur þúsundum fleiri en íslenska þjóðin. Þegar hefur verið fjallað um Össur og verður það ekki gert hér.

## VILJA AÐILD AÐ ESB

Þeir Jón og Hilmar, sem hlutu jafn mörg stig, voru ekki að hittast í fyrsta sinn þegar þeir settust niður með blaðamanni Markaðarins. „Við höfum oft spjallað saman um rekstur fyrirtækja hér og framtíðarhorfur,“ segir Jón og rifjar upp þegar þeir, ásamt forráðamönnum Marels og samheita-lyfjafyrirtækisins Actavis, fundu með ráðherrum, þingmönnum og ýmsum öðrum í stjórnsýslunni á fyrstu fjórum mánuðum ársins um leiðir út úr kreppunni með langtímasjónarmið að leiðarljósi.

„Við vildum koma sjónarmiðum okkar áleiðis. Það er þetta klassíska, aðild að Evrópusambandinu

(ESB) og upptaka evru,“ bætir Hilmar við. Önnur mál á dag-skrá voru eðli bankastarfsemi hér í framtíðinni, afnám gjaldeyrishafta og samskipti við útlönd.

Þeir segja ráðamenn hafa tekið vel í aðild Íslands að ESB á fyrri hluta árs. Eftir því sem leið á árið hafi viðhorfið snúist við.

„Við reyndum að koma þessari umræðu upp úr þeim hjólförum sem hún var í. Undirtektirnar voru ótrúlega jákvæðar og í engu hlutfalli við það sem seinna varð,“ segir Jón. „Nú er engu líkara en við séum að fleka fjallkonuna.“

Þeir eru sammála um að rekstrarhorfur alþjóðlegra fyrirtækja sem staðsett eru hér á landi séu mjög slæmar ef ekki verði mörkuð stefna til framtíðar.

Hilmar segir í raun aldrei hafa verið mögulegt að ræða um rekstrarhorfur fyrirtækja í því sveiflukennða ástandi sem hér hafi verið um áratuga skeið. „Ég hef oft líkt uppbyggingu í atvinnustarfsemi hér við það að búa í árfarvegi. Hann er frjósamur og góður. Þar er fullt af sprotum og mikil gróska. En svo fer að rigna. Þá kemur flóð og það ryður öllum sprotunum í burtu. Þegar grynna aftur í ánni er aftur talað um hvað farvegurinn er góður. Svona gerist þetta á um tíu ára fresti. Það er sama hvort krónan er fastengd, undir höftum eða handstýrð. Það hafa verið reynd ýmis kerfi með krónur en ekkert virðist virka,“ segir hann og leggur áherslu á nauðsyn þess að finna varanlega lausn á gjaldmiðlamálum Íslendinga. Hann bendir sömuleiðis á að myntsvæði heimsins hafi stækkað síðustu ár og orðið einfaldari. Það haldist í hendur við alþjóðvæðinguna og aukinn hraða í samskiptum og viðskiptum.

## ÞÉTURSKRÓNAN Á BILDUDAL

Hilmar bendir á að krónan hafi virkað vel í einangruðu samfélagi

þar sem viðskipti við útlönd voru lítil sem engin.

Þeir Jón taka Péturskrónur sem dæmi. Sú króna var mynt sem athafna- og kaupmaðurinn Pétur Thorsteinsson á Bíldudal notaði í viðskiptum sínum við heimamenn í kringum síðustu aldamót. Þær hafi gegnt hlutverki sínu í samfélaginu sem þá var mjög einangrað. „Þetta hrundi auðvitað allt hjá honum þegar fólk gat farið yfir á Patreksfjörð,“ segir Jón og bendir á að sama máli gegni um íslensku krónuna. Hún sé óvirkur gjaldmiðill í alþjóðlegum viðskiptum.

„Krónan hefur nýst okkur jafn vel og svarhvíta sjónvarpið á sínum tíma. Það var gott en nú er bara komið litasjónvarp. Við getum haldið áfram og talað um hvað árfarvegurinn er frjór og góður og vonað að það fari ekki að rigna. Eða við gerum það sama og aðrar þjóðir í kringum okkur hafa komist að og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.“

## EINKENNILEG ANDSTAÐA

Þeir Jón og Hilmar furða sig á þeirri andstöðu sem orðin er gegn aðild Íslands að ESB. Framtíðarleið sem þeir telja farsæla til frambúðar. „Það er partur af samfélaginu sem virðist hafa stóra hagsmuni af því að beita sér gegn ESB og beitir öllum klækjum til að mála það sem vond útlendingasamtök sem vilji koma höndum yfir allt sem hér er. Það stenst enga skoðun,“ segir Hilmar og bendir á að þótt andstaðan kunnist að þjóna sérhagsmunum þá gangi viðhorfið ekki upp. Íslensk fyrirtæki verði að tryggja sér fjármögnun sem að mestu leyti sé erlend. Það komi sér afar illa þegar gengi krónunnar sveiflist til og frá sem lauf í vindi.

Einu rökin fyrir krónunni telur hann vera þau hversu öflugt stjórntæki hún hafi reynst í gegnum tíðina. „Hún hefur verið



MENN VIÐSKIPTALÍFSINS Í ÁR Þeir Hilmar V. Pétursson og Jón Sigurðsson segja tafir á endurreisn efnahagslífsins sjálfskapaðan vanda. Stjórnmalamenn verði að læra að snúa bökkum saman. Markaðurinn/Anton

tæki fyrir stjórnvöld til að stýra kaupmætti almennings án þess að hann upplifi það. En þetta er ekki svona lengur,“ segir hann og bendir á að almenningur sé að gera sér grein fyrir þessu. Skýrasta dæmið sé verð á appelsínusafa sem í erlendri mynt hefur lítið sem ekkert breyst milli ára. Öðru máli gegni um verð á appelsínusafa hér, sem sveiflist út um allar trissur.

## HÆTTIR AÐ HUGSA Í KRÓNUM

Eftirtektarvert er að menn viðskiptalífsins að mati dómnefndar Markaðarins hugsa ekki í krónum. „Við hættem að nota krónur árið 2002 og hugsum alfarid í erlendri mynt,“ bendir Jón á en fyrirtækið gerir upp í Bandaríkjadöllum. Sömu sögu er að segja af CCP, sem lagði krónuna niður sem starfsrækslumynt árið 2006 og hefur greitt starfsfólki laun í evrum frá því snemma á þessu ári. Starfsfólk Össurar fær laun sín enn greidd í krónum.

Þeir segja vandasamt að skipta út gjaldmiðli einhliða hjá fyrirtækjum hér enda sé krónan raunveruleiki starfsfólksins sem starfi hjá fyrirtækjunum hér.

„Við getum ekki ákveðið þetta fyrir starfsfólk okkar. Þótt færa megi rök fyrir því að skiptin séu skammtímaávinningur fyrir starfsfólkið þá er langtímaáhætta fólgin í því. Í raun vorum við að selja starfsfólkinu gengisáhættu. En við vildum bjóða upp á þetta og héldum námskeið fyrir fólk. Þótt evran liti vel út þá varð starfsfólkið að breyta lífi sínu í samræmi við það,“ segir Hilmar.

## HEIMATILBÚINN VANDI

Menn viðskiptalífsins í ár segja einkennilegt ástand ríkja hér á landi. Mjög hafi verið þrengt að fyrirtækjum eftir hrun banka-geirans fyrir rúmu ári og virðist sem fólk líti á það helsti sem á það hafi verið lagt sem sjálfsgaðan hlut. „Nokkrum vikum eftir að gjaldeyrishöft voru sett á í fyrria snerist öll umræðan um það hvernig hægt væri að herða þau. Vandamálið var þá að höftin láku en ekki að þau höfðu verið sett á. Það er undarlegt hvað við getum aðlagast hratt þessu vonlausu kerfi,“ segir Jón og bætir við að hefði Össur ekki fengið undanþágu frá gjaldeyrishöftunum og skilaskyldu á gjaldeyri hefði fyrirtækið flutt höfuðstöðvarnar til útlanda. „Erlendir fjárfestar sættu sig ekki við að hér sé skilaskylda. Við hefðum flutt í umhverfi þar sem fjárfestar þekkja reglurnar, svo sem til Bandaríkjanna eða landa ESB.“

Þá gagnrýna þeir harðlega þær tafir sem orðið hafa á endurreisn efnahagslífsins. Þeir skrifa það á reynsluleysi og því sem næst barnaskap stjórnmalamanna. „Þessi litla þjóð sem stendur frammi fyrir þessum mikla vanda má ekki við svona löguðu. Umræðan má ekki fara í tittlingaskít og hártoganir,“ segir Jón. Hilmar tekur við keflinu. „Kerfið hefur verið lamað í ár. Það hefði verið auðvelt að dila við hrúnið. Grunnhagkerfi landsins beið ekki tjón og enginn dó. En síðan komu meðulín; gjaldeyrishöft og málþóf um Icesave. Þetta er okkar vandamál og það er algjörlega sjálfskapað.“

## Sparaðu á nýju ári!

Endurunnin dufthylki eru allt að **50% ódýrari** heldur en dufthylkin frá framleiðanda. **15% auka kynningarafsláttur** í janúar.

Hafðu samband við okkur í síma **580-0000** og athugaðu hvort við eigum endurunið dufthylki í prentarann þinn.

### Verðdæmi

Tegund hylkis	HP	toner .is	15% AFSLÁTTUR
12A	17.990 kr.	7.690 kr.	6.537 kr.
49A	17.990 kr.	9.790 kr.	8.322 kr.
15A	14.990 kr.	8.290 kr.	7.047 kr.
Q6000A	18.990 kr.	9.900 kr.	8.415 kr.
Q6001A	20.990 kr.	10.990 kr.	9.342 kr.
Q6002A	20.990 kr.	10.990 kr.	9.342 kr.
Q6003A	20.990 kr.	10.990 kr.	9.342 kr.



Verð frá **6.537 kr.**

NÝTT SÍMANÚMER HJÁ A4 SKRIFSTOFU OG SKÓLA

**580-0000**

Af hverju að sækja þegar þú getur fengið sent?



**A4**

Skrifstofa og skóli

Smáratorgi + Kópavogi  
Sími 580 0000 + www.a4.is

Það sem Íslendingar vilja er:

JAFNRÉTTI  
Virðing Fjölskyldan  
Réttlæti  
Jöfnuður  
Kærleikur frelsi Mannréttindi Menntun ÁBYRGÐ Sjálfbærni Lýðræði Traust  
Heiðarleiki



Með **svartri vinnu** setur þú ó fyrir framan þessi góðu gildi

Á hverju ári er samfélagið svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi. Verum heiðarleg á nýju ári og hættum að kaupa og selja svarta vinnu.

**Ætlar þú að standa skil á þínu?**

SI

Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)

# Krefjandi val í takt við erfitt ár

Margir voru kallaðir til í vali á viðskiptamanni ársins. Dómnefnd Markaðarins var næsta einróma um að valið væri erfitt í ár. Niðurstaðan varð á endanum sú að rekstrarmenn standa upp úr. Ástæðan að nokkurra mati er sú að þeir eru með fæturna á jörðinni og þykja hafa óflekkað mannorð eftir fjármálakreppuna. Þá skoruðu þeir hátt sem hafa farið sér hægt og flogið undir ratsjá viðskiptalífsins. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði val dómnefndarinnar og rökkin fyrir því.

**A**lls voru 24 einstaklingar nefndir til sögunnar í vali á viðskiptamanni ársins. Dómnefnd fékk frjálssar hendur um valið en átti að velja þrjú einstaklinga sem töldust hafa skarað fram úr á árinu. Sá sem nefndur var fyrstur fékk þrjú stig, sá næsti tvö stig og sá þriðji eitt.

Ellefu sátu í dómnefndinni að þessu sinni. Þeir eru flestir úr atvinnulífinu auk kennara við viðskiptafræðideildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Hér á eftir verða þeir nefndir sem lentu í þriðja til fimmta sæti yfir viðskiptamenn ársins að mati dómnefndar Markaðarins.

### 3. SÆTI

Skákmaðurinn Margeir Pétursson, stofnandi og stjórnarformaður MP Banka, lenti í þriðja sæti í vali á viðskiptamanni ársins að þessu sinni. Dómnefndin sagði um Margeir að banki hans hafi staðið af sér storminn og nýtt sér vel það tómarúm sem varð til við fall bankanna í fyrrihaust.

MP Banki fékk viðskiptabankaleyfi á síðasta ári og kom það sér vel. Í kjölfar falls Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (Spron) í mars síðastliðnum gerði MP Banki tilboð í vörumerki sparisjóðsins auk Netbankans, nb.is og hafði á þrjónunum að reka þrjú útibú hans undir merkjum Spron. Ætlunin var að viðhalda vörumerkinu, sem hafði notið mikillar velvildar um árabil.

Um þetta leyti höfðu innistæður verið fluttar úr Spron til Nýja Kaupþings (nú Arion banki). Bankinn neitaði að færa þær til baka og varð því ekkert úr viðskiptunum. Í staðinn opnaði MP Banki eigin

## Einnig tilnefndir\*

- Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar
- Eggert Pétursson listmálari
- Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir hjá Auði Capital
- Helgi Vilhjálmsson, stofnandi og forstjóri Góu/KFC
- Hörður Arnarson, forstjóri Marels, Sjónvár og Landsvirkjunar á árinu
- Inga María Guðmundsdóttir, bókasafnsfræðingur á Ísafirði sem rekur tengslasíðuna dressupgames.com
- Jón Gerald Sullenberger, stofnandi lágvöruverðsverslunarinnar Kosta
- Sigurbergur Sveinsson, Sveinn Sigurbergsson og Gísli Þór Sigurbergsson hjá Fjarðarkaupum í Hafnarfirði
- Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður
- Vilhjálmur Bjarnason, lektor í HÍ
- Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP
- Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja

\* Í stafrófsröð

netbanka og réð hluta af starfsfólki Spron til sín. Fyrsta útibú MP Banka var síðan opnað á tíu ára starfsafmæli fyrirtækisins í Borgartúni hvar eitt útibúa Spron hafði áður verið til húsa.

Starfsmenn MP Banka, sem hóf starfsemi sem MP Verðbréf fyrir áratug, eru nú 89. Þar af eru 76 hér en þrettán í Litháen. Gert er ráð fyrir nokkurri fjölgun starfsfólks í janúar þegar bankinn færir höfuðstöðvar sínar eftir áramótin.

### 4. SÆTI

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyrir Invest, er í þriðja sæti í vali á viðskiptamanni ársins að mati dómnefndar Markaðarins.

Óhikað má segja að Eyrir Invest hafi

tekið bikarinn heim þetta árið en fjárfestingafélagið er stærsti hluthafi matvælvinnsluframléiðandans Marels, sem komst á blað yfir viðskipti ársins en Árni Oddur er stjórnarformaður þess. Þá er Eyrir Invest annar stærsti hluthafi stoðtækjafyrirtækisins Össurar og er Þórður Magnússon, faðir Árna Odds, varaformaður stjórnar Össurar. Þá er Þórður jafnframt stjórnarformaður netfyrirtækisins Calidris, sem lenti í 5. til 11. sæti.

Árni Oddur og félag tengd Eyrir Invest hafa jafnan skorað hátt hjá dómnefnd Markaðarins upp á síðkastið. Óþarfi er að tíunda frekar um Jón Sigurðsson og Össur. Þá voru kaup Marels á hollenska iðnfyrirtækinu Stork Food Systems viðskipti ársins í fyrri. Árni Oddur á sæti í stjórn Stork.

### 5.-11. SÆTI

Sex einstaklingar deila með sér næstu sætum með jafnmörg stig. Þeir koma hver úr sinni áttinni en eiga það sammerkt með þeim Jóni Sigurðssyni, Hilmari, Margeiri og Árna Oddi að teljast rekstrarfólk. Einn þeirra fellur þó ekki í þann flokk. Sá er leikarinn og fjöllistamaðurinn Jón Gnarr. Rökstuðningurinn fyrir vali hans var sá að Jón og Pétur Jóhann Sigfússon, sem sami dómari setti í annað val, hafi lyft þjóðinni upp í þrengingum auk þess að landa samningum við erlend fyrirtæki með vörur sínar. Í ofanálág hafi þeir selt mynddiska með þrenninni Næturvaktin, Dagvaktin og Fanga-vaktin í tugþúsundatali fyrir jólni 2009 á innlendum markaði. Uppskeran á erlendum mörkuðum muni koma í ljós á næstu tveimur árum.

Hinir eru eftirfarandi í stafrófsröð: Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta; Friðrik Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni í Reykjavík; Jón Norland, framkvæmdastjóri Smith & Norland; Magnús I. Óskarsson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda netfyrirtækisins Calidris; og Svava Johansen, forstjóri tískuvörukeðjunnar NTC, en gjarnan kennd við verslunina Sautján.

Um valið segir dómnefndin að viðskiptamennirnir séu með báða fæturna á jörðinni og uppskeri í samræmi við það. Þá hafi þeir rekið sín fyrirtæki af festu og yfirvegum og hafa ekki orðið öðrum til skaða. Svövu er lyft á stall fyrir að láta ekki bölmóðinn á sig fá, synda á móti straumnum og opna nýja verslun undir merkjum Gallerís Sautján í Smáralind á haustdögum á sama tíma og flestir héldu að sér höndum.

#### STJÓRNARFORMAÐURINN

MP Banki á rætur að rekja til fyrirtækisins MP Verðbréfa sem Margeir Pétursson stofnaði í félagi við annan mann fyrir áratug. Bankinn er sagður hafa komið sterkur inn í fjármálakreppuna og tekist að nýta sér þau tækifæri sem þar buðust.



**BROSAD Í KAMPINN** Árni Oddur Þórðarson ásamt Erik Kaman, fjármálastjóra Marels. Fréttablaðið/ÓKÁ



**BROSAD Í KREPPU** Svava Johansen opnaði tuttugustu verslun NTC í vetur. Hún sagði í samtali við Fréttablaðið í tilefni af því að mikilvægt væri að láta neikvæða umræðu ekki hafa áhrif á sig.



#### VIÐSKIPTAMAÐUR UNDIR RATSJÁ

Friðrik í Melabúðinni er sagður hafa báða fætur á jörðinni og því eigi hann að vera meðal viðskiptamanna ársins.

**LEIKARINN** Jóni Gnarr er talið til tekna að hafa lyft þjóðinni upp í þrengingum auk þess að eiga hlut að því að landa samningum við erlend fyrirtæki um sölu á vöru sinni, Vakta-þrenninni.

# 2010

***Gleðilegt nýtt ár***



*Óskum landsmönnum öllum farsældar á komandi árum.  
Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.  
Hlökkum til að sjá ykkur aftur á nýja árinu, sem við erum viss um að verði frábært.*

***Áfram Ísland!***

# Árið sem Ísland var gert upp

Hagkerfið kólnaði hratt á árinu sem er að líða. Atvinnuleysi jókst verulega og tilvera fjölda fyrirtækja færðist í sögubækur. Árið einkenndist af upplausn fyrstu mánuðina. Á vordögum brettu menn upp ermarnar og hófu að taka til í rekstrinum. Hreinsunarstarfið stendur enn yfir. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson renndi yfir brot af því sem gerðist á árinu.

**Á**hrifa af ofhitnun hagkerfisins síðustu ár og hruninu í fyrra gætti enn á árinu sem er að líða. Í raun má segja að allt hafi verið á suðupunkti.

## JANÚAR

„Við höfum úr háum söðli að detta en ekki Simbabwe,“ sagði Gylfi Magnússon, þá dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, um umfjöllun vikuritsins Economist um hagvöxt á heimsvísu í fyrstu viku ársins. Ísland vermdi botnsætið enda reiknað með tíu prósentu samdrætti hér í kjölfar bankahrunsins. Væntingarnar voru tvöfalt verri en í Afríkúríkinu Simbabwe. Gylfi benti á að Simbabwe hafi um árabíl glímt við efnahagsþrengingar, áttatíu prósentu atvinnuleysi og hungursneyð. Því sé ekki að skipta hér.

Seðlabankinn flutti átján prósentu stýrivexti með sér inn í nýtt ár og vildu margir koma þeim niður. „Ég hafna því að það sé nokkur ágreiningur innan Seðlabankans í peningamálum,“ sagði Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri um ósamræmi á milli bankastjórnar Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Bankastjórnin vildi lækka stýrivexti. Fréttablaðið sagði hagfræðisvið bankans og AGS því mótfallið.

Fleira var á suðupunkti en hagkerfið. Ríkisstjórnin var í frjálsu falli og sneru stuðningsmenn við henni baki.

„Ég hef aldrei verið í vafa um að ég ber hluta af hinni pólitísku ábyrgð og hef alltaf ætlað að axla hana,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra er hann sagði óvænt af sér embætti undir lok mánaðar. Á sama tíma vék hann forstjóra Fjármálaeftirlitsins frá ásamt stjórn þess. Svo féll ríkisstjórnin. Jóhanna Sigurðardóttir tók við stól forsætisráðherra af Geir Haarde í nafni Samfylkingar og Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna, tók við fjármálaráðuneytinu.

Gæfan virtist almennt hafa snúið baki við landinu, ekki síst heimilum og fyrirtækjum.

## FEBRÚAR

„Brynasta verkefni ríkisstjórnarinnar er að endurreisa traust á fjármálakerfi landsins. Grundvöllur þess er að gera breytingar á yfirstjórn Seðlabankans,“ sagði Jóhanna og sendi bankastjórnunum þremur í Seðlabankanum bréf



**HÖFUÐSTÖÐVAR MILESTONE**  
Starfsmenn embættis sérstaks saksóknara gerðu gögn upptæk í höfuðstöðvum Milestone á árinu.

þar sem farið var fram á að þeir færu samstundis frá. Hún lagði sömuleiðis fram stjórnarfrumvarp, sem gerði ráð fyrir einum seðlabankastjóra í stað þriggja. Sá skyldi hafa meistaraþróf í hagfræði. Sjálfstæðismenn urðu ævarreiðir og sögðu frumvarpið sniðið til þess eins að koma Davíð Oddssyni úr Seðlabankanum.

Ingimundur Friðriksson var fyrstur til að hlýða kalli ráðherra en þeir Davíð og Eiríkur Guðnason neituðu að hreyfa sig fyrr en frumvarpið yrði að lögum.

Um svipað leyti settu skilaneftir Glitnis og Landsbankans Baugi stólinn fyrir dyrnar. Lán til félagsins voru gjaldfelld og gengið að eignum í Bretlandi.

Hreinsunarstarf var hafið og mælti sænski bankasérfræðingurinn Mats Josefsson með því að „eitradar eignir nýju bankanna“ yrðu færðar í sérstakt eignasýslufélag. Þar á meðal voru helstu fjárfestingafélög landsins, fyrirtæki í byggingariðnaði og stór bílaumbod.

Þegar halla tók á mánuðinn sáust fyrstu merki um uppstokkun á bankakerfinu og hugsanlega

aðkomu erlendra kröfuhafa að nýju bönkunum.

Frumvarp forsætisráðherra um breytingar á Seðlabankanum varð loks að lögum í lok mánaðar og kvöddu þeir Davíð og Eiríkur samstarfsfólk sitt. Norski hagfræðingurinn Svein Harald Öygard tók við starfi þeirra.

## MARS

Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins setti út óvænt spil þegar hún sagði í drögum að ályktun farsælast að ganga til viðræðna við Evrópusambandið um gjaldeyrismál enda erfitt að byggja upp efnahagslíf að nýju með ónýta krónu. Höfundur var Ólafur Ísleifsson hagfræðingur sem jafnframt á sæti í Skuggabankastjórn Markaðarins. Drögin skrifaði hann að beiðni flokksins. Hugmyndirnar urðu að engu enda samræmdust þær ekki stefnu flokksins.

Þrátt fyrir væntingar Seðlabankans til að styrkja krónuna með belti og axlaböndum í formi gjaldreyrishafta nýttu fjárfestar allar þær glufur sem þeir komu auga á til að fara fram hjá þeim og keyptu krónur á aflandsmörkuðum.

Uppskeran var ríkulega enda tugprósentu munur á gengi evrunnar hér og á mörkuðum ytra.

Þá féll Straumur í hendur skilaneftar þegar hann gat ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þetta var fyrsti bankinn sem féll í hendur ríkisins á árinu. Erlendir fjölmiðlar sögðu hættu á þjóðargjaldþroti Íslands. Staðan veiktist hratt og atvinnuleysi jókst stöðugt. Þá fóru fleiri fyrirtæki á hliðina, flest í byggingariðnaði. Seðlabankinn sagði átján prósent heimila landsins með neikvæða eiginfjárstöðu. Forsætisráðherra sagði hugsanlegt að afskrifa stóran hluta skulda þeirra verst settu.

Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, var vongóður um að horfur í efnahagsmálum gætu batnað undir lok árs.

Horfurnar voru ekki betri en svo að Byr greindi frá 29 milljarða króna tapi. „Þetta eru mikil vonbrigði,“ sagði Ragnar Z. Guðjónsson sparisjóðsstjóri og biðaði til ríkisins eftir eiginfjárframlagi. Fimm sparisjóðir áttu eftir að bætast í hópinn.

Sparisjóðabankinn og Spron komust ekki niður á hnén. Áður en til þess kom tók FME bankana yfir og heyr þeir nú sögunni til.

## APRÍL


Decode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, ein af vonarstjórnnum íslenskra tæknifyrirtækja, greindi frá því í uppgjöri sínu að fjármunir þess væru að brenna upp.

Seðlabankinn leitaði allra ráða til að vinna ofan af jöklaþréfastafanum svokallaða, eignum erlendra aðila í krónum sem gjaldeyrishöftin áttu að halda föstum í landinu. Ein hugmyndanna var að gefa erlendu fjárfestunum færi á að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum útgefnum af íslenskum útflutningsfyrirtækjum, sem myndu fá krónur í kassann en greiða til baka í erlendri mynt. Þegar á reyndi var ekki áhugi á slíku.

Fyrsta verk nýja seðlabankastjórans fólst í lækkan stýrivaxta.

Þá var punktur settur aftan við sögu Spron þegar MP Banki

## ÝMSAR TÖLULEGARUPPLÝSINGAR 2008-2009



## Sérstakur saksóknari

Mikið bar á Ólafi Þór Haukssyni, sérstökum saksóknara á árinu. Ólafur tók til starfa hjá embættinu í febrúar og voru starfsmenn þá fjórir. Eftir því sem rannsóknin á bankahrununum og tengslum og tengslum við fjármálagildið hefur undið fram hefur starfsemin títuð út. Starfsmenn eru nú 23 og flutti embættið í rýmra húsnæði í september.


Embættið hefur unnið náið með Evu Joly og Serious Fraud Office í Bretlandi.

Húsleitir á árinu eru á bilinu 34-36 talsins og hafa rúmlega fjögur hundruð einstaklingar verið yfirheyrðir í tengslum við þær. Viðamestu húsleitirnar eru í húsakynnum Sjóvá og endurskoðendafyrirtækjanna KPMG og PriceWaterhouseCoopers.

Málin sem nú eru í rannsókn eru í kringum sextíu talsins og er um fimmtán til sautján lokið. Gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður af rannsóknum embættisins verði birtar fyrir mitt næsta ár, samkvæmt upplýsingum frá embættinu.



**ÓLAFUR ÞÓR HAUSSON**  
Sérstakur saksóknari vegna bankahruns.



keypti útibú bankans og Byr tók yfir greiðslumiðlun hans.

Árið verður Björgólfi Guðmundssyni, fyrrverandi formanni bankaráðs Landsbankans og stærsta hluthafa Landsbankans, minnisstætt. Björgólfur, sem styrkti útgáfur tveggja bóka um Hafskipsmálið og horfði til þess að fá gjaldþrot skipaflutningafélagsins tekið upp að nýju, lenti í erfiðleikum með greiðslu á láni sem hann og sonur hans, Björgólfur Thor, höfðu fengið hjá Búnaðarbankanum á sínum tíma í tengslum við kaup á Landsbankanum árið 2002. Lánið stóð í fimm milljörðum króna og reyndu þeir að fá hluta skuldarinnar felldan niður gegn innborgun. Það tókst ekki. Í ljós kom að félag feðganna hafði fengið meirihluta bankakaupanna að láni.

### MAÍ

Maímánuður byrjaði ekki vel hjá Magnúsi Þorsteinssyni, þriðja hjólinu undir Samsonarvagninum, sem keypti Landsbankann. Magnús hafði farið mikinn hjá Eimskipafélaginu og í Icelandic Group, félögum sem sömuleiðis tengdust Björgólfi. Hann og Magnús áttu það sameiginlegt að standa ekki undir þeim skuldaklafa sem þeir höfðu hlaðið utan á sig og var Magnús úrskurðaður gjaldþrota. Hann flutti til Rússlands um svipad leytir og hefur verið þar síðan.

Þá flaug rúmur fjórutíu prósent eignahlutur bræðrafélaga Engeyinganna Benedikts og Einars Sveinssonar og Karls og Steingrims Wernerssona í Icelandair Group inn í Íslandsbanka. „Ég vissi að þetta myndi skella á, gekk frá reikningunum í möppur og lét klippa á kortið,“ sagði Gunnlaugur Sigmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Máttar og stjórnarformaður Icelandair Group.

### JÚNÍ

Sumarið er alla jafnan rólegasti tími ársins. Stýrivextir fóru niður

í tólf prósent og sagði peningastefnufélag Seðlabankans stærri skref ekki stigin í bili enda sendinefnd AGS mótfallin vaxtalækku sem gæti ógnað stöðugleika krónunnar.

Þá kom í ljós að fleiri en Magnús Þorsteinsson höfðu sankað að sér lánunum. Af 730 milljarða króna útlánasafni hjá útibúi Landsbankans í Lundúnum í Bretlandi námu lán til íslenskra fyrirtækja þar 130 milljörðum króna á þáverandi gengi.

Hvort um tilviljun var að ræða eður ei var efst á lista lánabókarinnar Novator Pharma, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfs-sonar Guðmundssonar. Skuld þessa eina félags við bankann nam fjórutíu milljörðum króna. Bent var á síðar að þrátt fyrir tengslin var Björgólfur Thor ekki listaður sem tengdur aðili í ársreikningum bankans. Skipti engu þótt hann ætti stærsta hlutinn í bankanum ásamt föður sínum.

Þá var tekist hart á um Icesave-samkomulagið, arfleifð gamla Landsbankans, innan veggja Alþingis.

### JÚLÍ

Starfsmenn Ólafs Haukssonar, sérstaks saksóknara, fóru í eina af viðamestu húsleitunum í mánuðinum, nú hjá félögum tengdum þeim Werners-bræðrum. Þar á meðal var húsleit gerð í húsakynnum Aska Capital og Sjóvá og á heimilum forstjóra beggja fyrirtækja.

Ástæðan fyrir húsleitunum var grunur um fjölda brota. Grunur var um að félagið hefði fjárfest úr bótasjóði í skrifstofubýggingum í Belgíu og París og höfuðstöðum bæversks banka í Þýskalandi.

Sjóvá var á leið í þrot og ákvað ríkissjóður því að leggja tryggingafélaginu til tólf milljarða króna.

Forstjóraskipti urðu hjá Sjóvá og tók Hörður Arnarson, áður forstjóri Marel, við stýrinu um nokkurra mánaða skeið.

Fyrsta erlenda fjárfestingin skilaði sér hingað í mánuðinum þegar kanadíska félagið Magma Energy keypti 10,8 prósent hlut í HS Orku af Geysi Green Energy (GGE).

Þrátt fyrir allt gekk erfiðlega að styrkja krónuna. Horft var til þess að lánveitingar frá AGS og norrænu nágrannalöndunum yrðu traust bakland. Lánin strönduðu á Icesave-samkomulaginu, sem dróst von úr viti. Gylfi Magnússon útilokaði ekki að leita eftir stuðningi hjá evrópska seðlabankanum.

### ÁGÚST


„Ég horfi fram á nær algeran tekjumissi,“ sagði Björgólfur Guðmundsson, eitt sinn auðmaður, eftir að ákveðinn endapunktur var settur aftan við hrakfarasögu hann í byrjun ágúst þegar hann var úrskurðaður gjaldþrota. Björgólfur, sem hafði vafið skuldum utan á sig í góðærinu, var í persónulegri ábyrgð fyrir 96 milljörðum króna. Þar á meðal var um sex milljarða króna skuld við Kaupþing sem Samsonar-þríeykið fékk að láni vegna kaupa á Landsbankanum á sínum tíma. Skuldin fór í innheimtu í mánuðinum.

Þá láku upplýsingar úr lánabók gamla Kaupþings á Netíð við dræmar undirtektir bæði bankans og viðskiptavina. Í ljós kom að fimm stærstu lántakendur bankans voru ábyrgir fyrir tæpum þúsund milljörðum króna. Umsvifamesti skuldunauturinn var Exista, stærsti hluthafi gamla Kaupþings og tengd félög með 330 milljarða króna skuld á bakinu. Aðrir stórir skuldunautar voru breski fasteignajöfurinn Robert Tchenguiz, Skúli Þorvaldsson, Bakkabræður, félag tengd Ólafi Ólafssyni, einum af stærstu eigendum Kaupþings, og Gaumur, eignarhaldsfélag Haga og Baugs.

### SEPTEMBER

„Til lengri tíma litið verður staða

## GENGISVÍSITALA



Íslands best innan Evrópusambandsins,“ sagði Robert Ford, aðstoðarsviðsstjóri landrannsóknara á hagfræðideild Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) þegar hann kynnti niðurstöður skýrslu um leiðir til að koma á stöðugleika hér. Niðurstöðurnar voru þær að eini góði kosturinn sem Ísland hefði um að velja væri að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Sísti kosturinn væri sá að taka upp fastgengisstefnu á nýjan leik.

Þá var kröfuhöfum gamla Kaupþings boðið að taka 87 prósent hlut í bankanum á móti ríkinu.

### OKTÓBER

Fjármálaráðuneytið var á jákvæðari nótum í október þrátt fyrir hrikalega skuldabyrði og endalausar tafir á lánunum frá AGS og nágrannalöndunum. Ráðuneytið taldi nú að samdráttur í landsframleiðslu gæti orðið 8,4 prósent í ár en á bilinu 1,9 prósent á næsta ári, 2,9 prósent tefjist framkvæmdir vegna álvers í Helgúvík. Árið 2011 er svo reiknað með tæplega þriggja prósentu hagvexti.

Þrátt fyrir væntingar frestuðust lánafyrirgreiðslur frá AGS von úr viti. Þótt fulltrúar sjóðsins segðu það ekki beinum orðum strandaði það á Icesave-málinu. Bjarni Benediktsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Þór Saari og Lilja Mósesdóttir vildu öll slíta samstarfi við AGS. Það var sosum engin nýlunda enda höfðu þau verið andsnúin sjóðnum frá fyrsta degi.

### NÓVEMBER

„Þeir sem stjórna svona fyrirtæki bera ábyrgð á því hvaða leið er farin. Ég sé enga aðra leið,“ sagði Kári Stefánsson, forstjóri Decode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, eftir að fyrirtækið óskaði eftir greiðslustöðvun. Fyrirtækið hafði glímt við þrönga fjárhagsstöðu og sótt sér rekstrarfé á

yfirdráttarvöxtum um nokkurra mánaða skeið. Það hafði aldrei skilað hagnaði. Kári taldi stutt í slíkt enda viðskiptamódelið annað eftir breytinguna.

Þetta var ekki eina áfallið því alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's lækkaði lánshæfismat íslenskra ríkisins um tvo flokka og var það einum flokki ofan við ruslbréfa-flokk.

Undir lok mánaðar gerðu starfsmenn sérstaks saksóknara húsleit hjá MP Banka og Byr í tengslum við rannsókn á sölu stofnfjárbréfa í sparissjóðnum í kringum hrúnið í fyrra. Í kjölfarið ákvað sparissjóðstjórinn Ragnar Z. Guðjónsson, að láta tímabundið af störfum.

### DESEMBER

Peningastefnufélag Seðlabankans gaf landsmönnum jólapakka sem þeir höfðu lengi beðið eftir. Stýrivextir voru lækkaðir um eitt prósentustig niður í tíu prósent og innlánsvextir bankans um hálf prósentustig í 8,5 prósent á aukavaxtaákvörðunarfundi bankans. Rökin voru meðal annars þau að gengi krónunnar hafði haldist stöðugt þótt hátt væri. Forsvarsmenn bankans sögðu gengið geta haldist veikt lengi, jafnvel gæti tekið ár eða áratugi fyrir krónuna að ná jafnvægisgengi.

Skuggabankastjórn Markaðarins sagði niðurstöðuna ekki koma á óvart en taldi vaxtalækkunarferli í farvatninu. Gangi þær væntingar eftir má gera ráð fyrir að þeir Úlfar Eysteinnsson og Tómas Tómasson, löngum kenndur við Tommahamborgara, leggist undir hnifinn og láti skerða skegg sitt.

Þessu til viðbótar bárust aðrar gleðifregnir um miðjan jólamánuðinn: Þjóðin myndi eignast 87 prósent hlut í Landsbankanum. Þar með var endurreisn gömlu stóru viðskiptabankanna lokið. Aðeins sparissjóðirnir, sem biðu á gjörgæslunni, voru eftir.

## Tekist á um eignarhald Haga

Eignarhald á Högum, móðurfélagi Hagkaupa, Bónus og fjölda annarra verslana sem eru að mestu í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu hans, var mjög í umræðunni þegar seig á seinni hluta ársins. Snemma í ágúst var frá því greint að Kaupþing hafði fjármagnað kaup eignarhaldsfélagsins 1998 ehf. á Högum úr Baugsveldinu um mitt ár 2008 með láni upp á þrjátíu milljarða króna með gjalddaga árið 2010. Veð fyrir láninu voru eignir Haga.

Morgunblaðið greindi svo frá því seint í ágúst að stjórnarskipti hefðu orðið á félaginu og væri það í raun að mestu í höndum Nýja Kaupþings.

Helst var deilt um hvort lánið hefði verið afskrifað að einhverju leyti eður ei. Heilmikið sjónarspil fór af stað í kjölfarið sem meðal annars athafnamaðurinn Guðmundur Franklín Jónsson fór fyrir. Hópur á hans vegum þrýsti á um að Hagar yrðu boðnir til sölu og almenningi gert kleift að fjárfesta í félaginu. Félagið reyndist ekki falt enda stóðu viðræður eigenda Haga við forsvarsmann bankans enn yfir og leituðu þeir leiða til að fjármagna félagið. Fyrrverandi viðskiptafélagar Jóns Ásgeirs Jóhannessonar frá Bretlandi þóttu um tíma koma til greina.



## Ódýrari endurfjármögnun bankanna

Endurfjármögnun stóru viðskiptabankanna þriggja reyndist talsvert ódýrari en óttast var í fyrstu. Við upphaf árs var reiknað að meðal ríkissjóður gæti þurft að leggja þeim til 385 milljarða króna. Um miðjan september samþykktu kröfuhafar Glitnis hins vegar að taka 95 prósent hlut í Íslandsbanka og kröfuhafar Kaupþings að taka 87 prósent í Arion banka mánuði síðar. Kröfuhafar Landsbankans vildu hins vegar aðeins níttján prósent. Munar þar um að helstu kröfuhafar Landsbankans voru bresk og hollensk sveitarfélög en fjármálaframtæki í hinum bönkunum tveimur.

Af þessum sökum lagði ríkið fram tæpa tíu milljarða til Íslandsbanka en rúma þrjátíu til Arion banka í formi hlutfjár, auk víkjandi lána. Framlag ríkisins til Landsbankans nam hins vegar rúnum 122 milljörðum. Heildarfjárbindingin nam því 183,6 milljörðum króna, eða 250 milljörðum lægra en gert var ráð fyrir.



**LEIÐTOGAR Í VANDA** Leiðtogar tuttugu stærstu iðnríkja heims hittust í annað sinn í London í apríl til að leita leiða út úr kreppunni. Á þeim fundi komu þeir sér saman um aðgerðir sem eiga að örva efnahagslífið. NORDICPHOTOS/AFP



**ALMENN REIÐI** Almennur víðs vegar um heim hefur notað hvert tækifæri til að mótmæla misvitrum fjármálaspekingum. NORDICPHOTOS/AFP

# Ár fokdýrra björgunaraðgerða

Árið 2009 hefur verið eitt hið erfiðasta í sögu heimsviðskipta og fjármála. Ríki heims hafa þurft að verja ómældri orku, tíma og peningum í glímu sinni við heimskreppuna sem skall á af fullum þunga haustið 2008. Örlítið tók þó að rofa til á árinu. Guðsteinn Bjarnason stiklar á nokkrum helstu fréttum viðskiptalífsins á alþjóðavettvangi árið 2009.

**Á**rið 2009 einkenndist öðru fremur af erfiðri glímu við heimskreppuna miklu. Fyrstu raunverulegu batamerkin sást kannski í ágúst þegar Frakkland, Þýskaland og Japan skrifuðu út úr samdráttarskeiði og gátu státað af svolitlum hagvexti.

Aðgerðir til að örva efnahagslífið hafa verið forgangsmál hjá flestum ríkjum, sem dælt hafa ómældu magni af peningum úr sjóðum sínum til að halda fyrirtækjum á floti. Seðlabankar Bandaríkjanna, Bretlands, Englands, Kanada og Evrópusambandsins hafa mestallt árið verið með stýrivexti í lágmarki, eða á bilinu 0,25 til 1 prósent.

Í Bandaríkjunum tók Barack Obama við embætti forseta þann 20. janúar og ítrekaði við það tækifæri það sem hann hafði boðað í kosningabaráttunni, að eitt helsta forgangsverkefni sitt innanlands verði að reisa efnahaginn við.

Fáeinum vikum síðar afgreiddi Bandaríkjaþing björgunarpakka forsetans, sem fólst í því að dæla nærri 800 milljörðum dala í efnahagslífið, meðal annars með skattalækkunum og auknum velferðarútgjöldum. Með þessu átti að koma efnahagslífinu af stað á ný, í þeirri von að það skríði smám saman upp úr kreppulægðinni.

## LEIÐTOGAFUNDIR

Leiðtogar tuttugu stærstu efnahagsvalda heims, G20-ríkjanna, hafa komið saman reglulega síðan kreppan hófst til að leita lausna og stilla saman strengi sína.

Fyrsti fundur þeirra var í Washington í nóvember 2008, síðan hittust þeir í apríl síðastliðnum í London og loks Pittsburgh í Bandaríkjunum í september. Næsti fundur er á dagskrá í Kanada í júní.

Á nóvemberfundinum í nóvember 2008 voru fyrstu skrefin tekin, en á aprílfundinum komu þeir sér saman um 1.100 milljarða dala fjárveitingu til verkefna, sem eiga að styrkja alþjóðleg viðskipti og örva efnahagslífið.

Ágreiningur var nokkur, eins og við mátti búast. Bandaríkjamenn og Bretar hefðu viljað ganga lengra í fjárustri, en Frakkar og Þjóðverjar hefðu viljað setja enn strangari reglur um alþjóðleg viðskipti og fjármálastarfsemi.

Á septemberfundinum var ákveðið að G20 hópurinn taki við af átta ríkja hópnum G8, sem fær



**BERNARD MADOFF** Sjötugi fjárglæfamaðurinn hlaut þungan dóm fyrir svikamyllu sína, sem kostaði þúsundir manna stórfé. NORDICPHOTOS/AFP

veigaminnna hlutverk og einbeittir sér að öryggismálum. G20-ríkin verða þá eins konar fastaráð alþjóðlegrar efnahagssamvinnu.

Eitt helsta markmið þessa leiðtogaráðs verður að koma í veg fyrir að annað eins hrún geti orðið í framtíðinni eins og reið yfir efnahagslífið haustið 2008.

„Ég held að við áttum okkur öll á því að við verðum að grípa til aðgerða áður en fennir yfir minni okkar um kreppuna og áður en hvatinn til umbóta dofna,“ sagði Timothy Geithner, fjármálaráðherra Bandaríkjanna.

## BÍLAIÐNAÐURINN

Aðgerðir stjórnvalda hafa þó engan veginn komið í veg fyrir gjaldþrot jafnvel nokkurra stærstu fyrirtækja heims og erfiðleika sem þeim hafa fylgt.

Í byrjun júní óskaði GM, stærsti bílaframleiðandi Bandaríkjanna, eftir gjaldþrotaskiptum. Þetta taldist fjórða stærsta gjaldþrot í sögu Bandaríkjanna, en stærsta gjaldþrot iðnfyrirtækis þar vestra. Rúmum mánuði síðar reis úr rústum fyrirtækisins nýtt og endurskipulagt fyrirtæki, að mestu í ríkiseigu, en töluvert minna en gamla fyrirtækið, sem tók með sér stærstu skuldirnar upp á von og óvon.

Heimskreppan hefur reyndar bitnað sérlega hart á bílaiðnaðinum, ekki aðeins í Bandaríkjunum heldur víðast hvar þar sem bifreiðar eru búnaar til.

Í Frakklandi, Þýskalandi og Ítalíu hafa stjórnvöld beðið átekta en skoðað vandlega hvort grípa þurfi inn í bílaiðnaðinn með veglegri ríkisaðstoð.

Í Svíþjóð komu stjórnvöld Saab-verksmiðjunum til bjargar í febrúar, en þar vinna 140 þúsund manns. Saab er reyndar í eigu GM, sem ætlar sér að



**TEKINN Á BEINIÐ** Liddy, framkvæmdastjóri tryggingafyrirtækisins AIG, var kallaður fyrir bandaríska þingnefnd í maí og krafinn svara um gjaldþrotið. NORDICPHOTOS/AFP

selja þetta sænska dótturfyrirtæki sitt til þess að bjarga eigin starfsemi.

Í nóvember tóku svo Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Angela Merkel Þýskalandskanslari sameiginlega ákvörðun um að koma bílaiðnaðinum í þessum tveimur löndum til bjargar.

## GJALDÞROT AIG

Gjaldþrot fyrirtækja náðu líklega hámarki víðast hvar í kreppulöndunum á árinu sem er að líða. Í Bretlandi, til dæmis, urðu nærri tíu þúsund fyrirtæki gjaldþrota á fyrri helmingi ársins, sem er meira en nokkru sinni hefur þekkst þar í landi, en aðeins var byrjað að draga úr gjaldþrotum á þriðja ársfjórðungi.

Í mars vakti bandaríska tryggingafyrirtækið AIG, sem til skamms tíma var stærsta trygg-

ingafyrirtæki heims, gríðarlega hneykslun þegar tilkynnt var að framkvæmdastjórnir í fjármáladeild fyrirtækisins, ættu að fá samtals 165 milljarða dala í kaupaukagreiðslur.

Í byrjun mars höfðu bandarísk stjórnvöld skýrt frá því að AIG myndi fá 30 milljarða dala í fjárhagsaðstoð frá ríkinu, til viðbótar við þá 150 milljarða dala sem fyrirtækið hafði þegar fengið.

Daginn eftir skýrði fyrirtækið svo frá því, að tap þess á fjórða ársfjórðungi næmi 62 milljörðum dala, sem var stærsta ársfjórðungstap sögunnar til þess tíma.

## OFURBÓNUS

Í ljósi þessa þóttu kaupaukarnir til framkvæmdastjórnanna, sem stærsta ábyrgð báru á ófarnaði fyrirtækisins, ótrúleg ósvífni.

Þingmenn brugðust ókvæða við og Ben Bernanke seðlabankastjóri sagðist hafa orðið ævareidur: „Ég skelti símanum nokkrum sinnum á þegar ég var að ræða AIG,“ sagði seðlabankastjórnin.

Barack Obama krafðist þess að framkvæmdastjórnir endurgreiddi kaupaukana. Aðeins hluti þeirra hefur orðið við því.

Bandaríkjaþing samþykkti lög um 90 prósent skatta á kaupauka í fyrirtækjum sem þegið hafa meira en fimm milljarða dala í ríkisaðstoð. Framkvæmdastjórnir slíkra fyrirtækja hafa sumir brugðist við með því að ráða sig

til annarra fyrirtækja, þar sem þeir sleppa við slíkan skatt.

Ofurkaupaukar framkvæmdastjóra hafa einnig verið til umræðu í Evrópulöndum, þar sem ekki síst Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hefur lagt mikla áherslu á að setja strangar reglur um kaupaukagreiðslur.

Angela Merkel Þýskalandskanslari og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti tóku í sama streng og sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem krafist var gegnsæis í fyrirtækjarekstri og strangari reglna um kaupauka fyrir G20-fundinn í september.

## MADOFF DÆMDUR

Einn helsti skúrkur kreppunnar, Bernard Madoff, hlaut makleg málágjöld í júní þegar dómur féll í máli hans. Hann hafði haft nærri 65 milljarða dala af þúsundum manna í Bandaríkjunum og var fyrir vikið dæmdur í samtals 150 ára fangelsi, sem er þyngsti dómur sem lög leyfðu. Hann á enga möguleika á náðun, sem þýðir í reynd að um ævilangt fangelsi er að ræða. Madoff hafði játað sekt sína í mars og sagðist þá hafa byrjað svikastarfsemi sína strax árið 1991. Svikamyllan gekk út á að hann tók við peningum af fjárfestum, en í staðinn fyrir að ávaxta féð greiddi hann þeim arð með peningum sem aðrir fjárfestar létu hann hafa, en spilaborgin hrundi þegar kreppan reið yfir haustið 2008.

## Sagðist vera með áætlun

Í Bandaríkjunum er löng hefð fyrir því að seðlabankastjóri gefur aldrei kost á sér í viðtal við fjölmiðla. Ben Bernanke, sem tók við af Alan Greenspan fyrir nærri fjórum árum, sá ástæðu til að gera undantekningu á þessu á árinu.

Hann sagðist telja að seðlabankanum og Bandaríkjaþingunni hafi með samhentum aðgerðum tekist að koma í veg fyrir algjört hrún efnahagslífsins.

Hann sagði fjármálaheiminn hafa leikið á reiðiskjálfri eftir fall bandaríska fjárfestingabankans Lehman Brothers um miðjan september 2008, engu að síður taldi hann það rétta ákvörðun að hafa ekki komið bankanum til bjargar.

Margir hafi talið að markaðs-

urinn myndi leiðrétta sig sjálfur eftir fall banka af þessari stærðargráðu, en hann taldi sig vita betur: „Það má ekki láta alþjóðlega virkt fyrirtæki falla í miðri fjármálakreppu,“ sagði Bernanke, en mistök voru það samt ekki vegna þess að annar valkostur var ekki fyrir hendi. „Við höfðum ekkert val, við höfðum engin úrræði. Það eina sem seðlabankinn getur gert er að lána gegn tryggingu.“

Bernanke spáði því að snemma árs 2010 muni efnahagslífið taka við sér, en forsendur bata eru þær að bankarnir nái að tryggja sér fjármögnun.

„Sagan kennir okkur að efnahagsbati verður ekki viðvarandi meðan fjármálakerfið er í kreppu,“ sagði hann. „En við



**Í SJÓNVARPSVIÐTALI** Fréttamaðurinn Scott Pelley ræðir við Ben Bernanke.

erum með áætlun. Við erum að vinna að þessu.“

Fyrir utan forseta Bandaríkjanna er Bernanke líklega valdamesti maður landsins, að minnsta kosti á sviði viðskipta og efnahags. Hvert orð sem hann segir getur haft veruleg áhrif á þróun markaða og þar með velferð þjóðfélagsins almennt.

# ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR 10 ÁR Í RÖÐ!

Okkur er það mikill heiður að viðskiptavinir sparisjóðanna skuli vera þeir ánægðustu hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum.

Við þökkum fyrir okkur!  
Starfsfólk sparisjóðanna.



## Áfram ánægja um allt land!

Viðskiptavinir okkar eru þeir ánægðustu hjá íslenskum fjármála-fyrirtækjum tíunda árið í röð. **Persónuleg þjónusta** sem setur fjölskylduna og heimilin í landinu í öndvegi er okkar framlag til uppbyggingar á Íslandi. Um fjórðungur þjóðarinnar nýtur ánægjunnar af viðskiptum við sinn sparisjóð. Við teljum það skyldu okkar að gæta hagsmuna viðskiptavina okkar.\*



SPARISJÓÐIRNIR  
Á ÍSLANDI

– áfram fyrir þig og þína

Við erum eru hér, fyrir þig og þína, 12 sparisjóðir með 625 starfsmenn um allt land.

Byr sparisjóður - Akureyri - Garðabær - Hafnarfjörður - Kópavogur - Reykjavík Sparisjóður Bolungarvíkur - Bolungarvík - Suðureyri Sparisjóður Höfðhverfinga - Grenivík Sparisjóðurinn í Keflavík - Keflavík - Vogar - Sandgerði - Njarðvík - Garður - Grindavík - Hvammstangi - Þingeyri - Ísafjörður - Flateyri - Súðavík - Patreksfjörður - Króksfjarðarnes - Bildudalur - Tálknafjörður - AFL sparisjóður - Siglufjörður - Sauðárkrúkur Sparisjóður Norðfjarðar - Neskaupstaður - Reyðarfjörður Sparisjóður Ólafsfjarðar - Ólafsfjörður Sparisjóður Strandamanna - Hólmavík - Norðurfjörður Sparisjóður Suður-Þingeyinga - Laugar - Húsavík - Reykjahlíð - Fosshóll Sparisjóður Svarfdæla - Dalvík - Hrísey Sparisjóður Vestmannaeyja - Vestmannaeyjar - Selfoss - Hveragerði - Hornafjörður - Djúpvogur - Breiðdalsvík Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis - Þórshöfn - Kópasker - Raufarhöfn.



Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra:

## Verk að vinna

Árið 2009 var um margt ágætt ár, að minnsta kosti sé tekið tillit til þeirrar vöggugjafar sem það fékk frá forverum sínum. Á liðandi ári skýrðist smám saman við hvaða vanda við Íslendingar eigum að etja í efnahagsmálum og hverjar rætur hans eru. Jafnframt kom í ljós hvað gera þarf til að leysa vandann.

Verkefni fram undan eru vissulega flókin og það mun taka tíma að leysa þau. Sjaldan hefur hugtakið þjóðaráttak átt betur við. Það er hins vegar engin ástæða til að láta fallast hendur. Engin þeirra verkefna sem við stöndum frammi fyrir eru óleysanleg, því fer fjarri.

### LÍFSKJÖR MUNU BATNA

Ekki er útlit fyrir annað en að lífskjör Íslendinga á 21. öldinni verði með þeim allra bestu í heiminum, líkt og þau hafa verið áratugum saman. Þau verða fyrirsjáanlega innan fárra ára orðin betri en þau hafa nokkurn tíma verið í þær rúmu ellifu aldir sem landið hefur verið í byggð. Því má ekki gleyma að þótt tekjur landsmanna hafi dregist nokkuð saman voru þær á undanförmum árum afar háar, jafnt í sögulegum sem alþjóðlegum samanburði – og eru það enn.

### FJÖGUR VERKEFNI

Helstu viðfangsefni eru ferns konar.

Í fyrsta lagi þarf að vinna úr miklum skuldavanda fyrirtækja og heimila. Fjölmeðg fyrirtækja þurfa nú að ganga í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Þetta er afar umfangsmikið verkefni sem verður fyrst og fremst unnið innan fjármálastofnana og viðkomandi fyrirtækja.

Í öðru lagi þarf að ná tökum á fjármálum hins opinbera. Snúa þarf gríðarlegum

fjárlagahalla við með niðurskurði og aukinni tekjuöflun og ná að lokum afgangi. Þetta verkefni snýr fyrst og fremst að ríkinu en snertir vitaskuld landsmenn alla.

Í þriðja lagi þarf að bregðast við samdrætti í sumum greinum efnahagslífsins, svo sem fjármálaþjónustu, byggingageiranum og þeim sem tengjast innflutningi. Í þeirra stað þurfa aðrar greinar að vaxa og fjölga starfsmönnum. Á meðan breytingarnar standa yfir má búast við að atvinnuleysi verði meira en alla jafna.

Meðal greina sem hafa svigrúm til vaxtar má nefna útflutning og þær sem keppa við innflutning. Í báðum tilfellum styður lækking gengis krónunnar frá óraunhæfu gengi bóluáranna við vöxtinn. Hér má þegar sjá mörg mjög jákvæð teikn á lofti og þeim ætti að fara ört fjölgandi á næsta ári.

Í fjórða lagi þarf að fara yfir allt regluverk íslensks efnahagslífs, löggjöf og aðra þætti. Draga þarf fram hverjar brotalamirnar voru. Að því marki sem lög voru brotin þarf að sanna hverjir gerðu það og draga þá til ábyrgðar í samræmi við reglur réttarríkisins. Þar sem eftirlit brást þarf að rannsaka og bæta úr. Horfa þarf bæði fram á veginn og til liðinna atburða. Annars vegar þarf að leiða í ljós hvað fór úrskeiðis og hvers vegna – hins vegar læra af reynslunni og móta nýja umgjörð sem tryggir að leikurinn verði ekki endurtekinn.

### BÓLUHAGKERFIÐ SEM HVARF

Allt eru þetta verðug verkefni en við höfum alla burði til að takast á við þau. Vinna við þau öll er þegar hafin en komin mislangt á veg. Takist okkur vel upp verður hruns íslenska fjármálakerfisins fyrr en varir ekki bara minnst vegna bóluhagkerfisins sem hvarf heldur miklu frekar vegna þess heilbrigða hagkerfis sem kom í þess stað.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar:

## Á krossgötum

Eins og flesta morgna vaknaði ég snemma með dóttur minni. Fyrir mér lá meðal annars að skrifa stuttan pistil í áramótablað Markaðarins og skila honum fyrir hádegi. Þegar ég hellti AB-mjólkinni með suðrænum ávöxtum í skálina handa henni fór ég að velja því fyrir mér hvað ég ætti að skrifa um við þessi tímamót. Fljótlega staðnæmdust hugsanir mínar við hvað þessi unga dama mundi spyrja mig um þegar áhugi hennar vaknaði síðar meir á sögunni, þjóðfélaginu og hagfræði.

### SPURNING NÆSTU KYNSLÓÐAR

Niðurstaða mín var sú að tveir möguleikar kæmu til greina og sá fyrri væri eitthvað á þessa leið: „Hvað voruð þið að hugsa? Sáuð þið virkilega ekki að þið gerðuð

**Pegar næsta kynslóð lítur um öxl og vegur og metur hremmingarnar sem sóttu að þjóðinni undir lok fyrsta áratugar aldarinnar vona ég og óska að hún geti dáðst að hyggjuviti og yfirvegum ráðandi kynslóðar**

hverja vitleysuna á fætur annarri? Voru skattahækkunarir, háir vextir og ríkisvæðing atvinnulífsins eina leiðin sem þið komuð auga á, þótt þekkt hefði verið í átta tíu ár að slíkar áherslur leiddu efnahagslífið eingöngu í enn meiri ógöngur? Eða hún myndi spyrja: „Hvernig fóruð þið að þessu? Ykkur tókst að vinna ykkur út úr þessari hræðilegu bankakreppu á undraverðum hraða þannig að addáun vakti um heim allan. Ég er stolt af því hvernig þið lögðuð grunn að öflugum markaðsbúskap á ný sem er í fremstu röð í samfélagi þjóðanna. Það er gott að vera Íslendingur.“

### MINNI KREPPA EN SPÁÐ VAR

Nú rúmu ári eftir hrúnið er erfitt að átta sig á því hvor niðurstaðan er líklegri. Þegar litið er á helstu hagstærðir virðist mega draga þá ályktun að okkur hafi farnast ívið betur en búist var við. Þannig hefur landsframleiðsla á árinu 2009 dregist minna saman en spáð var, atvinnuleysi er einnig minna og viðskiptin við útlönd hafa verið hagstæðari en reiknað var með. Á móti hefur hins vegar endurskipulagning hagkerfisins gengið hægt og efast má um margt sem þar hefur verið gert – og ekki gert.

### JÁKVÆÐ MERKI Á MARKAÐI

Við þetta má bæta af því að Kauphöllin stendur mér nærri að á þeim vettvangi hafa birst ýmis jákvæð teikn. Til marks um það er hröð endurreisn skuldabréfamarkaðar á árinu 2009. Þar erum við á áætlan – og virkur skuldabréfamarkaður er einn af hornsteinum skilvirks markaðsbúskapar.



Við þjuggumst ekki við miklu af hlutabréfamarkaði á liðandi ári, þótt þar hafi einnig gerst jákvæðir hlutir, meðal annars sala Marel á hlutum til Columbia Wanger og vel heppnað hlutabréfaútböð fyrirtækisins. Við væntum þess hins vegar – og munum gera það sem í okkar valdi stendur – að hann nái sér á strik á komandi ári.

### SEX ATRÍÐI

Enginn vafi er á því að við erum á krossgötum um þessar mundir. Réttar ákvarðanir núna skipta miklu máli fyrir hagvöxt og velferð í framtíðinni. Ég vil nefna hér á eftir sex atriði sem að ég tel brýnt að hafa sérstaklega í huga á þessum krossgötum.

1. Leysa þarf sem fyrst atvinnulífið úr viðjum ríkis- og bankavæðingar. Ríkisbúskapur af því tagi sem við búum nú við getur ekki borið uppi hagvöxt og velmegun til framtíðar.

2. Nýta verður hlutabréfamarkaðinn til að losa okkur úr þessum viðjum. Hann er öflugt tæki til þess að auka valddreifingu, gegnsæi og reisa efnahagslífið við.

3. Gegnsæi þarf að vera á borði, ekki bara í orði. Meðal annars þarf að endurbæta vinnulag við sölu fyrirtækja og eignarhald banka verður að vera gegnsætt.

4. Töluverðar hættur felast í framlengingu gjaldeyrishafta: óbeinn kostnaður, trúverðugleiki skaðast og spilling eykst.

5. Efnahagsstefnan má ekki vera úr takti við hagsveifluna. Í núverandi stöðu hagsveiflunnar er vafasamt að aðhaldsstig ríkisfjár- og peningamála sé rétt stillt. Hugsanlega er víðs fjarri að svo sé.

6. Draga þarf réttan lærdóm af fjármálakreppunni/bankahruninu. Sníða þarf agnúa af markaðshagkerfinu en ekki snúa baki við kerfi sem reynst hefur vel um langt skeið og stuðlað að mikilli velmegun.

### BÖRNIN LÍTA UM ÖXL

Þegar næsta kynslóð lítur um öxl og vegur og metur hremmingarnar sem sóttu að þjóðinni undir lok fyrsta áratugar aldarinnar vona ég og óska að hún geti dáðst að hyggjuviti og yfirvegum ráðandi kynslóðar á þeim tíma – og enn verði hér í boði AB mjólk – og önnur lífsgæði – í hæsta gæðaflokki.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyrís Invest:

## Ár uppbyggingar fram undan

Árið 2009 og seinni hluti 2008 eru eitt erfiðasta tímabil sem íslenskt atvinnu- og efnahagslíf hefur gengið í gegnum um langt árabíl. Á árinu hefur landsframleiðsla dregist saman, kaupmáttur rýrnað og atvinnuleysi aukist verulega.

Við Íslendingar höfum eytt miklum kröftum í að takast á við afleiðingar bankahrunsins og alþjóðlegrar efnahagsniðursveiflu. En þó að viðfangsefni séu snúin hefur engu að síður töluverður árangur náðst.

Árið 2009 er vissulega kreppuár, en það er einnig árið sem við brugðumst við gjörbreyttum aðstæðum og höfum að treysta hinar nýju stöðir efnahagslífsins. Endurreisn bankakerfisins er nú langt komin og vinna við endurskipulagningu á efnahag atvinnulífs og heimila landsins komin á skrið. Seðlabankinn hefur lagt af stað í vaxtalækunarferli sem er grundvallarforsenda endurreisnar og atvinnuuppbyggingar.

Ef horft er út fyrir landsteina skiptir

meistu að á árinu tókst að koma í veg fyrir að efnahagsniðursveiflan yrði að enn alvarlegri kreppu. Vaxtalækkanir allra helstu seðlabanka heimsins og viðbrögð stjórnvalda helstu hagkerfa hafa tryggt að botn niðursveiflunnar er nú þegar að baki. Flest bendir til að fram undan sé hægur en öruggur efnahagsbati á heimsvísu. Athyglisvert er að nýmarkaðir í Asíu og S-Ameríku munu að líkindum taka hraðar við sér en Vesturlönd og verða drifkraftur heimsbúskaparins næstu árin.

### MAREL STYRKTI STÖÐIR SÍNAR

Ástand efnahagsmála á heimsmörkuðum hafði mikil áhrif á rekstur Marel á árinu sem er að líða. Hin snarpa niðursveifla í heimsbúskapnum sem varð undir árslok 2008 og sú mikla óvissa sem fylgdi í kjölfarið leiddi af sér tímabundinn samdrátt í fjárfestingu atvinnuvega um allan heim.

Stjórnendateymi Marel og starfsfólk brást við af mikilli snerpu og lagaði kostnaðargrunn félagsins að nýjum

aðstæðum. Með bættu sjóðsstreymi, sölu eigna utan kjarnastarfsemi og hlutafjár- aukningu hefur tekist að treysta efnahag félagsins verulega. Árangur í rekstri er nú þegar farinn að sýna sig og við horfum björtum augum til framtíðar.

Við erum ánægð með það traust sem fjármálastofnanir og hluthafar hafa sýnt Marel. Í þeim efnum má sérstaklega nefna kaup sjóða á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Columbia Wanger á riflega fimm prósentu hlut í Marel í haust. Þar eru á ferð afar öflugir og reynslumiklir fjárfestar sem horfa til lengri tíma. Það er fróðlegt og ánægjulegt að sjá að þeir deila skoðunum okkar á horfum í atvinnugreininni og þróun markaða næstu árin.

Þegar alþjóðlegt efnahagslíf og fjármálamarkaðir taka við sér að nýju sjáum við mikil tækifæri til þess að vaxa með góðum og arðberum innri vexti eftir að hafa styrkt samkeppnisstöðuna með vel heppnuðum yfirtökum síðustu ár. Einnig hefur ekkert verið gefið eftir í



fjárfestingum tengdum vöruþróun félagsins á sama tíma og samkeppnisaðilar félagsins hafa dregið stórlega úr rannsóknar- og þróunarkostnaði. Samkeppnisstaðan er því sterk og fram undan uppskerutími ef rétt er haldið á spilunum.

### LÆRUM AF REYNSLUNNI

Árið 2010 verður að mörgu leyti erfitt ár fyrir okkur Íslendinga. Árið mun að öllum líkindum marka botninn í kreppunni, en á sama tíma er það sá tímamótur þegar ástandið fer að batna að nýju ef rétt er haldið á málum.

Óhjákvæmilegt er að hið opinbera

Ingólfur H. Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka:

## Ár endurreisnar í íslenskri hagsögu

Ársins 2009 verður eflaust minnst fyrir að vera ár endurreisnar í íslenskri hagsögu. Eftir að gjaldeyris- og bankakreppan brast á árið 2008 voru fjölmörg verkefni sem biðu úrlausnar á árinu 2009. Í efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda sem gerð var í nóvember 2008 voru lagðar línurnar í þessum verkum þar sem stefnt var að því að ná gengi krónunnar stöðugu, styrkja stöðu ríkissjóðs og að endurreisa íslenskt bankakerfi.

### STÖÐUGLEIKINN MIKILVÆGUR

Ýmislegt hefur áunnist í þessum stefnumálum á árinu. Með höftum á gjaldeyrismarkaði, háum stýrivöxtum Seðlabankans og þar til nýverið inngrípum Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði hefur náðst að halda krónunni stöðugri um hríð. Hefur sá stöðugleiki verið efnahagslífinu mikilvægur og kærkomið skjól til uppbyggingar. Með þessum aðgerðum hefur verðbólgan hjaðnað allnokkuð og svigrúm skapast fyrir lækun vaxta. Hvorutveggja hefur verið jákvætt þó að enn sé verðbólgan talsvert mikil og vextirnir háir. Reikna má með því að höftin verði áfram hér á næsta ári að minnsta kosti en að vextirnir lækki frekar og verðbólgan hjaðni.

### ENN MARGT ÓGERT

Endurreisn bankakerfisins hefur gengið betur en upprunalega var áætlað. Er nú orðið ljóst að eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankanna er mun minna en reiknað var með eftir hrunið og munar þar ríflega 200 milljörðum króna. Þá er erlent eignarhald bankanna kostur en meðal annars má vænta að það geri erlenda fjármögnun þeirra mögulega fyrr en ella. Þrátt fyrir þennan áfanga er enn margt ógert við uppbyggingu bankakerfisins en á nýju ári blasir við að leysa þarf úr ýmsum málum í sparissjóðakerfinu og koma fjármálamörkuðum í eðlilegra horf.

### KREFJANDI VERKEFNI

Langtímaáætlun í ríkisfjármálum leit dagsins ljós á árinu þar sem lýst er með hvaða hætti ríkisstjórnin ætlar að láta enda ná saman á næstu árum og byrja að greiða upp skuldir. Leyft verður að innbyggðir sveiflujafnarar ríkisfjármála virki áfram en að hallinn á ríkissjóði sé minnkaður bæði með niðurskurði ríkisútgjalda og hækkun skatta. Ljóst er að þrátt fyrir aðgerðirnar verður ríkissjóður hvetjandi fyrir

eftirspurn í landinu á næsta ári og hjálpar þannig til við að hefja það upp úr þeirri kreppu sem þá verður í algleymingi. Aðgátar er þörf í þessum málum þar sem skuldastaða ríkissjóðs hefur versnað allverulega núna í hruninu og verkefni næstu ára verður að grynna á þeim skuldum.

### MINNI KREPPA

Kreppan á árinu 2009 hefur ekki verið eins mikil og fyrst var reiknað með. Spár um þróun landsframleiðslu hljóðuðu fyrst upp á nær tíu

prósenta samdrátt á árinu en nú er líklegt að samdrátturinn hafi verið um eða innan við sjö prósent. Að sama skapi hefur atvinnuleysi ekki vaxið jafn skarpt og búist var við. Ljóst er þó að samdrátturinn er ærinn og atvinnuleysið meira en Íslendingar hafa áður þurft að búa við. Eignir hafa lækkað í verði og skuldir hækkað og hefur því efnahagsleg staða fyrirtækja og heimila versnað umtalsvert á afar skömmum tíma. Kreppan er þannig ein sú erfiðasta sem hagkerfið hefur þurft að ganga í gengum.

### MIKILVÆGT AÐ OPNA HAGKERFIÐ

Árið 2010 verður að öllum líkindum árið þar sem hagkerfið finnur botn kreppunnar. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á enn eftir að dragast saman sem og einkaneyslan. Fjárfesting á einnig eftir að finna botninn og sömuleiðis húsnæðisverð. Unnið verður að úrlausn í fjárhagsvanda fyrirtækja og heimila og má reikna með því að uppsveiflan verði drifin af erlendri fjárfestingu og útflutningi sem nú nýtur góðs af lágu raungengi og því að fjármálakreppan hefur ekkert skert helstu



náttúruauðlindir landsins. Þó svo að botninn í kreppunni finnist á næsta ári mun endurreisnarstarfið halda áfram hér á næstu árum. Þar er afar mikilvægt að opna hagkerfið á ný og byggja undir traust þess.

**Við bjóðum nákvæmlega jafn margar tegundir af debetkortum og fólk þarf.**

**Eina.**

Sigríður Einarsdóttir, þjónustustjóri.

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.

**Þannig á banki að vera.**

- Debetkort
- Launareikningar
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldreyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttur

Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.

**Hafðu samband í síma 540 3200.**

**MP BANKI**

Borgartúni 26 · [www.mp.is](http://www.mp.is)

hagræði í rekstri sínum, líkt og einkageirinn hefur gert eða er að fást við. Með því er hægt að draga úr skattahækkunum, sem eru þó óumflýjanlegar að einhverju marki við núverandi aðstæður.

Það er miður að einfaldleika og gagnsæi skattkerfisins hafi verið fórn að einhverju leyti við þessar breytingar; mögulegt hefði verið að afla aukinna tekna innan óbreytts kerfis. Hér takast greinilega á tekjujöfnunar- og tekjuöflunarsjónarmiði, sem er háþólitískt mál og gamalt bit-bein hægri- og vinstrimanna. Mikilvægasti lærdómur síðustu ára er að við verðum að stunda hér atvinnustarfsemi sem byggir á raunverulegri samkeppnisstöðu. Til þess að svo megi verða þurfum við að gefa okkur tíma til að leggja traustar undirstöður. Það þýðir að við verðum að leggja enn ríkari áherslur á menntun, nýsköpun, rannsóknir og þróun. Það verða undirstöður farsæls atvinnulífs á Íslandi á komandi árum og áratugum.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla:

## Ár millibilsástands

Árið 2009 var að mínu mati óttalegt leiðindaár. Ekki ár hörmunganna sjálfra, því bæði krónuhrunið og bankahrunið áttu sér stað á árinu 2008, eins og kunnugt er. En því miður varð árið 2009 ekki heldur það ár samstöðu og forystu til framtíðar sem er forsenda enduruppbyggingar íslensks efnahagslífs. Vonandi göngum við vasklegar til móts við árið 2010.

### FRÆ TORTRYGGNI

Landsmálapólitíkin hefur oft minnt óþægilega mikið á sandkassaleik, þar sem liðstreyjan og skipan í stjórn og stjórnarandstöðu, skiptir meiru en málefni. Vissulega hefur eitthvað þokast varðandi endurskipulagningu bankanna og fleiri mál, en hlutirnir þurfa að ganga miklu hraðar fyrir sig og endurskipulagningin að ná út til fyrirtækjanna og heimilanna. Að mínu mati eiga hagsmunir banka, fyrirtækja og þjóðarinnar almennt, samleið í því að hratt sé unnið eftir þeim línunum sem stjórnvöld og bankar hafa kynnt. Það er hins vegar auðvelt að snúa út úr flóknum viðfangsefnum ef menn hafa einbeittan vilja til þess og ýmsir hafa kosið sér það hlutskipti að fiska í gruggu vatni og sá fræjum tortryggni í garð alls sem gert er til að forða frekara tjóni og atvinnumissi.

### VEGIÐ AÐ ATVINNULÍFINU

Mistök stjórnvalda eru að leggja mesta áherslu á að skattleggja sig út úr vandanum og spilla skattkerfinu, fremur en að leggja jafnframt áherslu á hraðari uppbyggingu þar sem það er hægt og á að stjórnvöld axli ábyrgð á að vinda ofan af ofþenslu hins opinbera bóks, sem átt hefur sér stað á undanförunum árum. Byrðunum á að varpa á almenning og fyrirtæki, sem þegar hafa sagt upp jafnvel tugum prósentu af sínu starfsfólki til að lifa af. Á sama tíma er vegið að atvinnulífinu með ýmsum hætti. Það væri skárra að stjórnvöld dældu út beinhörðum peningum heldur en að hengja byrðar óhagkvæmni á sjávarútveginn, sem mun rýra lífskjör þjóðarinnar til framtíðar.

Aflahlutdeildarkerfið er forsenda þess styrks sem sjávarútvegurinn hefur, þrátt fyrir allt, og hefur reynst eitt helsta tromp landsmanna í þeim hörmungum sem gengið hafa yfir. Viðleitni



stjórnvalda til að brjóta hlutdeildarkerfið niður með gerræðislegri úthlutun aflaheimilda, eins og í skötusel, og umræður um fyrningu aflaheimilda hafa að óþörfu skapað óvissu og dregið mátt úr atvinnulífinu, langt út fyrir sjávarútveginn eins og hann er venjulega skilgreindur.

### KRÓNAN FRAMTÍÐARLAUSN?

Ég er þrátt fyrir allt bjartsýnn á framtíðina og í rekstri 365 miðla hefur með erfiðum aðgerðum tekist að bæta afkomuna verulega þótt tekjur hafi minnkað. Til lengri tíma hljóta þó allir að spyrja um þá umgjörð sem atvinnulífi verður búin hér á landi.

Ég á bágt með að sjá fyrir mér opið hagkerfi með frjálsum fjármagnsflutningum með krónuna sem gjaldmiðil. Hvaða mistök voru gerð við stjórn hennar á síðustu árum sem ekki þyrfti að endurtaka? Ég kann ekki svar við því, eða hvernig íslenskt atvinnulíf eigi að geta blómstrað með að minnsta kosti fimm prósent hærri vexti en eru annars staðar.

Gjaldmiðilmálið og þar með möguleg aðild að Evrópusambandinu er stærsta efnahagslega spurningin sem blasir við stjórnvöldum á komandi árum. Hún verðskuldar dýpri og mál-efnalegri umræður en stjórnvaldin hafa boðið upp á síðustu misserin. Ég óska öllum farsældar á komandi ári.

Ásmundur Stefánsson, bankastjóri Nýja Landsbankans (NBI):

## Byggt á nýjum grunni

Stennilega er þetta eitt furðulegasta ár síðari tíma. Ár sem einkenndist af upplausn, hófst með kröftugum mótmælum sem ekki eiga sinn líka og leiddu til afsagnar ríkisstjórnar Geirs Haarde, nýrrar ríkisstjórnar og kosninga.

Kosningarnar eyddu ekki óróanum og heiftúðugar deilur hafa áfram sett sterkan svip á árið. Það er ekki aðeins deilt á Alþingi. Ófriður geisar um allt þjóðfélagið. Fúkyrðaflaumur og óvæginn ummæli um tiltekna einstaklinga er í raun og veru eitt helsta einkenni ársins 2009 og flest öll umræða er lituð af þessu andrúmslofti.

Allt eru þetta afleiðingar efnahagslegra hamfara, hruns banka, hruns alls fjármálakerfisins og fall gjaldmiðilsins sem ekki hefur tekist að stöðva, jafnvel ekki með gjaldeyrishöftum.

### SÁRIN GRÓA EKKI STRAX

Almenningur hefur þurft að horfast í augu við tekjutap, hækkandi verðlag, hækkandi skatta og atvinnuleysi. Þrátt fyrir allt er atvinnuleysi á Íslandi þó lægra en að meðaltali innan Evrópusambandsins og lægra en í Bandaríkjunum. En hrunið skilur alla eftir í sárum og það er fyrirsjáanlegt að þau sár gróa ekki strax.

Hvað Landsbankann varðar, þá er þetta ár eftirminnilegt fyrir margra hluta sakir. Við hrunið bjó gamli bankinn að miklum innistæðum – Icesave – í útibúum sínum í Bretlandi og Hollandi sem með neyðarlögunum breyttust í forgangskröfur í þrotabúið. Þar sem um útibú var að ræða en ekki dótturfélög, ber Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi stórfellda fjárhagslega ábyrgð vegna innistæðnanna.

### BANKI Á NÝJUM GRUNNI

Landsbankinn nýi sem stofnaður var á rústum hins gamla, er að fóta sig á nýjum grunni. Endurreisa innviðina og takast á við vandamál viðskiptavina sinna, jafnt fólks sem fyrirtækja. Bankinn á allt undir því að ná sáttum við umhverfi sitt og öðlast traust til að vera í framtíðinni það leiðandi afl sem stærð hans kallar á og efnahagslífið þarf á að halda.

Starfsfólk bankans hefur gengið í gegnum mikla elda á liðnu ári en jafnframt sýnt hvað í því býr. Starfsfólkið hefur sjálft mótað gildi hins nýja banka: heilindi, virðingu, fagmennsku og eldmód og það er mjög vel þess megnugt að bera bankann fram til nýrra tíma. Það á hrós skilið fyrir frækilega framgöngu sína á árinu og það mun ekki bregðast væntingum á árinu sem fram undan er.

### ENDURREISN BANKANS

Nú í desember náðist samkomulag um efnahag og fjármögnun Landsbankans. Samningaviðræður voru flóknari en hjá hinum bönkunum tveimur bæði vegna stærðar bankans og stöðu viðsejendanna, fjármálaráðuneytanna í Bretlandi og Hollandi. Niðurstaðan er ásætlanleg fyrir alla. Ríkið leggur fram minna fé en upphaflega var ráð fyrir gert, kröfuhafarnir fá meira en þeir gátu vænst og Landsbankinn stendur fjárhagslega traustur og vel búinn til forystu í endurreisn og uppbyggingu íslensks efnahagslífs.

Landsbankinn tók meira til sín af eignum úr gamla bankanum en gerðist hjá hinum bönkunum og axlar á móti skuldabréf í erlendri mynt. Rekstur bankans á að standa vel undir þeirri byrði og þar



sem skuldin er í erlendum gjaldmiðlum gerir hún bankanum kleift að standa undir erlendri lánsfjárbörð útflutningsatvinnuveganna. Ef vel gengur mun Landsbankinn skila kröfuhöfum viðbótargreiðslum í samræmi við árangur. Bankinn endurgreiðir því það sem hann hefur bolmagn til næstu árin, en án þess þó að þrengt sé að rekstrarhæfi hans eða möguleikum til að þjóna einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi. Mikilvægt er að útflutningsgreinarnar vita nú að þær eiga traustan bakhjarl í Landsbankanum.

### LAUSNIR MÓTAST AF REYNSLU

Bankarnir hafa sætt gagnrýni fyrir að fara sér hægt, einkum í samskiptum við fyrirtækin. Ég tel að bankarnir hafi gert rétt með því að gefa svigrúm og sýna bæði fólki og fyrirtækjum tillitssemi og sveigjanleika á þeim mánuðum sem liðnir eru frá hruni. Tíminn hefur verið notaður til að leita leiða.

Heimilin og fyrirtækin eru fundvísari en fjármálastofnanirnar á hvar sé hægt að hagræða og hvar skuli sækja fram. Lausnirnar urðu að mótaska af reynslu. Bráðræði hefði stefnt mörgu í voða í íslensku atvinnulífi. Það hefði verið rangt að keyra illa stöð fyrirtæki umsvifalaust í gjaldprot án frekari umhugsunar, eins og margir hafa beðið um að yrði gert. Þótt eigið fé fyrirtækis sé uppuríð geta verið mikil verðmæti í starfsemi sjálfri og störfunum sem af henni leiða og gæta verður þess umfram allt að neytendur skaðist ekki ef þrengt er að samkeppni. Ég held að bankakerfið allt hafi sameinast um skynsamleg viðbrögð við erfiðri stöðu og fullyrði að ef svo hefði ekki verið, væri atvinnuleysi hér á landi að lágmarki þremur prósentum meira en það er.

Ég tel fyrirsjáanlegt að næsta ár verði erfitt en ég vænti þess að mál þróist til betri vegar á síðari hluta ársins.

### FORTÍÐIN EKKI UMFLÚIN

Landsbankinn hefur að stórum hluta eytt þessu ári í endurskipulagningu innanhúss, í skoðun á því hvað fór úrskeiðis og af hverju. Það hefur tekið á. Enginn hleypur frá fortíð sinni og nýtt nafn eða útlit breyta engu þar um, það geta aðeins verkin gert. Nú hefur stórum áfanga verið náð með samþykkt stofnefnahags bankans og mjög mikilvægt er að vel verið unnið úr stöðu hans, enda er framtíð Landsbankans og íslensks atvinnulífs tengd örjúfanlegum böndum.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka:

## Að líta á björtu hliðarnar

Það er einkenni á öllum uppsveiflum að fólk hneigist til af mikill bjartsýni og veitir aðeins jákvæðum fréttum athygli en þeim neikvæðu er ýtt til hliðar. Af þeim sökum hleypur fólk oft fram úr sér á þenslutímum. Öfgarnar eru síðan endurteknar í hina áttina þegar niðursveifla ríkir og neikvæðin skyggir á allar góðar fréttir. Nú virðist það runnið upp fyrir þjóðinni að hún hafi gerst sek um ofurbjartsýni á góðærstímum en þá jafnframt virðist sem mistök-in ætli að verða endurtekin í hina áttina með ofursvartsýni sem lítur framhjá þeim góðu fréttum sem hafa verið að koma fram undanfarna mánuði. Rétt eins og lítill hljómgrunnur var fyrir úrtölu-róddum á uppgangstímum, þurfa þeir sem benda á björtu hliðarnar nú að þola háðsglósúr.

### MARGAR GÓÐAR FRÉTTIR

Satt er að Ísland er í slæmri stöðu við bankahrunið. Samt sem áður er staðreynin sú að nær öll tíðindi af efnahagsmálum hafa verið jákvæð sem borist hafa á síðari helmingi ársins 2009. Fyrst má telja að niðursveiflan í hagkerfinu verður töluvert grynri en óttast hafði verið og grænir sprotar í útflutningi sjást víða. Þá hefur tekist að einhverju leyti að ná sáttum við alþjóðafjármálaumhverfið með yfirtöku kröfuhafa á tveimur af þremur viðskiptabankanna. Það sem skiptir þó mestu er að neyðarlögin (frá október 2008) virðast ætla að halda ef marka má bráðabirgðamat ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, sem gefið var út í byrjun desember. Neyðarlögin voru sá hornsteinn sem var lagður fyrir lausn fjármálakreppunnar hérlendis og endurreisn fjármálakerfisins – og hann virðist

ætla að halda. Það er hins vegar tímanna tákni að þessi frétt fékk litla sem enga athygli í íslenskum fjölmiðlum.

### KREPPAN LEYST ERLENDIS

Svo virðist einnig sem Ísland muni ekki koma landa verst út úr hinni alþjóðlegu fjármálakrisi. Krisan sú arna var „leyst“ ytra með því að lækka vexti að núlli og prenta peninga í gríðarlegum mæli. Hinum raunverulega vanda hefur því verið sópað undir teppið – a.m.k. einhverju leyti – þar sem bankastofnanir beggja vegna Atlantshafs sitja enn með ónýtt en óafskrifuð lán á bókum sínum.

Björgunaraðgerðir á fjármálamarkaði hafa einnig kostað sitt fyrir ríkissjóði þessara landa en þær hafa falist í því að ríkissvæða hluta af skuldum bankakerfisins með því þjóðnýta banka, kaupa lélegar bankaeignir og samþykka



vafasöm veð í endurlánaviðskiptum. Þessi kostnaður hefur hins vegar ekki enn komið upp á yfirborðið nema í litlum mæli.

Sem dæmi mætti nefna að fjárlagahalli Bretlands fyrir árið 2009 er nú áætlaður um þrettán prósent af landsframleiðslu og hann hefur nær eingöngu verið fjármagnaður með peningaprentun – það er uppkaupt breska seðlabankans á ríkisskuldabréfum.

### KRÓNAN LÁG Í ÁRATUG

Ísland þarf vitaskuld að kljást við mörg vandamál. Framtíðar-

hagvöxtur felst fyrst og fremst í útflutningi en það tekur tíma að byggja þær greinar upp. Á næstu árum er fyrirséð að gjaldeyrissöflun þjóðarinnar er ekki nægjanleg til þess að standa undir afborgunum erlendra skulda, vaxta og kaupum á þeim innflutningi sem þjóðin þarfnast. Af þeim sökum verður gengi krónunnar að vera áfram lágt til næstu fimm til tíu ára.

Höfuðmálið er samt sem áður að ná trausti erlendra fjármálamarkaða á nýjan leik og í því efni hefur töluvert áunnist. Hvað sem um íslenska fjármálakerfið má segja eftir hrun en ljóst að afskriftirnar hafa verið teknar og nú er mjög langt komið að ganga frá uppgjöri eftir fjármálabóluna. Það er mun meira en flest önnur Evrópulönd geta státað af en mikilvægi þeirrar staðreyndar mun líklega verða sýnilegt fyrir en síðar þegar lengur er liðið frá hrininu.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík:

# Hvar viljum við vera árið 2020?

**E**rfitt ár er nú brátt að baki. Eftir hrún það sem varð á síðari hluta árs 2008 hefur uppbygging gengið hægar en vonir stóðu til. Tímanum hefur þó ekki verið varið til einskis heldur hefur margt áunnist.

## NAUÐSYNLEGAR AÐGERÐIR

Endurreisn bankanna er nú lokið og tveir þeirra verða brátt í meiri hluta eigu erlendra aðila. Búið er að afgreiða fjárlög ársins 2010 á Alþingi eftir eina erfiðustu fjárlagagerð í manna minnum. Í þessum fjárlögum er meiri niðurskurður og meiri skattahækkunir en við höfum séð í langan tíma. Þó að þetta séu ekki vinsælar aðgerðir, ef til vill megi færa rök fyrir því að skeri eigi annað niður en gert er í þessum fjárlögum og ef til vill hefði mátt útfæra skattabreytingar með öðrum hætti, þá eru aðhaldsaðgerðirnar nauðsynlegar til að koma í veg fyrir áframhaldandi skuldaföllun ríkissjóðs. Þegar þetta er skrifað á enn eftir að afgreiða Icesave-málið frá Alþingi, en vonandi gerist það á næstu dögum.

Allt eru þetta mál sem þurfti að afgreiða sem afleiðingar hrunsins. En hvað tekur nú við? Hvað ber framtíðin í skauti sér? Margir eru svartsýnir á framtíðina, en við megum ekki gleyma því að í erfiðleikunum leynast tækifæri. Framtíðin er ekki endilega það sem að okkur er rétt, heldur allt eins það sem við ákveðum að gera úr henni.

## STERK EFTIR UPPSTOKKUN

Jú, það er rétt að fjölmörg fyrirtæki eiga í fjárhagsvanda. Það er einnig rétt að fjölmargar fjölskyldur eiga við skuldavanda að etja. Í umræðunni er oft eins og öll fyrirtæki eigi í fjárhagsvanda og allar fjölskyldur eigi í skuldavanda. Þetta er rangt. Það er áætlað að um helmingur fyrirtækja eigi við fjárhagsvanda að etja og um fimmtungur heimila sé í skuldavanda. Bankarnir ásamt ríkissjóði bjóða nú upp á fjölmörg úrræði til handa þeim hópi sem þarf á aðstoð að halda og er sjálfsagt fyrir þá að nýta sér þessi úrræði. Þá hefur verið bent á að þessi úrræði nýtist ekki öllum. Satt er það. Sum fyrirtæki eru í slíkum vanda að ekki eru til úrræði önnur en að slíta rekstri. Sumir einstaklingar fóru fram úr sér á góðæristímum og hefðu lent í alvarlegum skuldavanda óháð því hvort kreppa hefði skolið á eða ekki. Endurskipulagning fjárhags fyrirtækja og heimila mun taka tíma og vera sársaukafull fyrir marga. En að endurskipulagningu lokinni

stöndum við eftir með sterkari efnahag til framtíðar.

## MIKILVÆGT AÐ LJÚKA ICESAVE

En hvar viljum við vera eftir áratug? Hvaða valkostir eru á borðinu? Okkur stærstu ákvarðanir til framtíðar lúta að stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu. Eins og er vilja fáar erlendar fjármálastofnanir eiga við okkur viðskipti og við höfum sett ströng höft á flæði gjaldeyris út úr landinu. Takist okkur að klára Icesave-málið er einungis tímaspursmál hvenær

okkur tekst að taka upp eðlileg samskipti við erlendar fjármálastofnanir. Ég tel hins vegar litlar líkur á því að okkur takist að afnema gjaldeyrishöftin. Eitt af skilyrðum um Evrópska efnahagssvæðið er frjálst flæði fjármagns. Með gjaldeyrishöft uppfyllum við ekki skilyrði EES-aðildar og höfum ekki gert nú í riflega ár.

## STEFNUM FRAM Á VIÐ

Ef við stefnum á aðild að Evrópsambandinu og upptöku evrunnar

er ólíklegt að aðildarríki Evrópsambandsins muni láta gjaldeyrishöftin á sig fá þar sem um tímabundna ráðstöfun yrði að ræða. Ef aftur á móti hik er í aðildarviðræðum og ef Icesave-málið dregst enn á langinn verður að telja ólíklegt að áframhaldandi aðild að EES sé í boði. Líklegast er því að valkostirnir séu aðild að Evrópsambandinu og upptaka evrunnar eða Ísland utan EES. Hið fyrra er skref fram á við, en hið síðara er skref aftur á bak. Ég vil stefna fram á við.



Frábært verð á **egla** bréfabindum!

MÚLALUNDUR

Vinnustofa SÍBS



Bláar og gráar möppur í stærðinni A5 á sérstök tilboðsverði.

# Gerðu frábær kaup!

... í skrifstofuvörum frá Múlalundi

## TÍMARITABOX



Tímaritabox í ýmsum litum.

## SÉRPRENTAÐAR MÖPPUR



Sérprentuð mappa segir allt sem segja þarf.

## MÚSAMOTTUR



Undirskriftarmottur/músarmottur - Ýmsar stærðir

## KÓRMÖPPUR



Með glærum vösum 10-20-30-40-60-80

## USB MINNISLYKLAR



Litríkir USB minnislyklar. Fáanlegir í 2GB, 4GB, 6GB, 8GB og 16GB

## DAGBÆKUR



Dagbækur af ýmsum stærðum og gerðum. Merktar og lettrað á þær eftir óskum hvers og eins.

## BELL PENNAR



Svartir og rauðir. 50 stk í pakka

## PENAC PENNAR



Þrælgóðir kúlupennar. Rautt - Svart - Blátt

## ÁHERSLUPENNAR



Litríkir áherslupennar á frábæru tilboði.

## TÖLVUBRETTI

Draga úr líkum á vöðvabólgu í öxlum Minna álag á mjóbak



Hátúni 10c • S: 562-8500 • Fax: 552-8819 • www.mulalundur.is

Takk fyrir vátnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital:

## Hugsum til lengri tíma

Ég tel að ársins 2009 verði fyrst og fremst minnst sem árs aðgerðarleysis og dæða. Að sumu leyti er það skiljanlegt; áfallið sem dundi yfir haustið 2008 var stórt og því er eðlilegt að það taki tíma að ná áttum. Nú er hins vegar kominn tími til að taka á sig rögg og horfa til framtíðar því við stöndum frammi fyrir einstöku tækifæri til að byggja upp á nýjum grunni og setja okkur nýja og skýra framtíðarsýn.

### FRAMTÍÐARSÝNIN MIKILVÆG

Á þessum tímamótum er lykilatriði að hafa kjark til að horfa til langs tíma, það nægir ekki að setja niður tölfræði til átján mánaða markmið. Skammtímalausnir geta ef til vill „reddað“ okkur til skamms tíma lítið, en hættan er sú að þær geri langtímahorfur okkar verri. Við þurfum að hafa dug og þor til að setja okkur framtíðarsýn og markmið til tíu til fimmtán ára, og við þurfum að hafa úthald til að fylgja þeim eftir. Þrátt fyrir að afraksturinn taki tíma að koma í ljós verðum við að gera okkur grein fyrir því að það réttlætir ekki frestun umræðu og ákvarðana. Það eru einmitt



ákvarðanirnar sem við tökum í dag sem munu þegar upp er staðið koma okkur á þann áfangastað sem við sækjumst eftir.

### ÍSLAND FYRIRMYND ANNARRA

Ég er sannfærð um að Ísland hefur alla burði til að vera fyrirmynd annarra landa hvað varðar skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda, þróun hreinnar orku, mannvirðingu, heiðarlega og gagnsæja viðskiptahætti, fjölbreytileika og jöfn tækifæri. Til þess að svo

megi verða þurfum við bæði að hlúa að sérstöðu okkar og huga vel að því hvernig við ráðstöfum þeim auðlindum sem náttúra og mannaudur okkar hefur að geyma og við þurfum að festa okkur í sessi sem ábyrgur og eftirsóttur aðili í alþjóða samstarfi.

### INNGANGA Í ESB

Innganga í Evrópusambandið er að mínu mati ein mikilvægasta ákvörðunin sem við stöndum frammi fyrir. Það val má ekki

stjórnast af þröngum sérhagsmunum né skammtímasjónarmiðum.

Ég tel að sjálfstæði þjóðarinnar verði best tryggt með nánnum tengslum við alþjóðasamfélagið. Einangrun, einhæft atvinnulíf og afturhvarf til fortíðar mun ekki skila langtímaárangri.

Innganga í Evrópusambandið tryggir okkur jafnframt langtímalausn í gjaldmiðlamálum. Það er löngu úrelt sjónarmið að örmýntin krónan færi okkur sveigjanleika og sjálfstæði í hagstjórn. Því miður hefur sú talsýn átt stóran þátt í að koma okkur í þann vanda sem við glímum nú við. Þau rök sem gjarnan eru notuð gegn aðild að Evrópusambandinu eru hve langan tíma það taki að fá evruna, það er að aðild muni ekki „redda málum“ til skemmri tíma. Hér er gríðarlega mikilvægt að huga að langtímahagsmunum þjóðarinnar: Við munum ekki geta byggt upp samkeppnishæft atvinnulíf með gjaldmiðil sem er einskis virði í alþjóðlegum viðskiptum.

### MENNTUN OG NÝSKÖPUN

Það er grundvallaratriði að nýta næstu ár vel til að styrkja innviði

íslenska samfélagsins. Það gerum við fyrst og fremst í gegnum gott og skilvirkt menntakerfi. Vissulega skipta heilbrigðis- og velferðarmál miklu máli en framtíðarfjárfesting samfélagsins liggur fyrst og fremst í uppbyggingu menntunar. Þannig er öflug menntun grundvöllur nýsköpunar og fjölbreytts atvinnulífs. Við þurfum að halda vöku okkar gagnvart þróun og endurbótum í menntun og vera tilbúin að gera nauðsynlegar breytingar sem tryggja gæði, skilvirkni og skynsamlega nýtingu fjármuna. Efling menntunar er grunnur að uppbyggingu samfélags sem getur nýtt auðlindir á skynsamán hátt, þannig að þær skili hagsæld og verðmætum ekki einungis til okkar sem nú byggjum landið heldur einnig til komandi kynslóða.

### HORFA Á LANGTÍMAMARKMIÐIN

Ég tel að nú um áramót beri okkur að taka á okkur rögg og vera óhrædd við að beina sjónum okkar út yfir ásakanir og skammtímasjónarmið og einbeita okkur að nýrri framtíðarsýn og langtíma-markmiðum. Það er skylda okkar gagnvart komandi kynslóðum, skylda sem okkur ber að efna.

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion banka:

## Enn margt ógert í endurreisn landsins

Árið 2009 var viðburðaríkt hjá okkur í Arion banka. Þótt upp-gjör við Kaupþing banka (gamla Kaupþing) og einstök skuldauðlousnarmál fyrirtækja hafi verið áberandi í umræðunni hefur fjölmargt annað áunnist. Starfsemi bankans hefur verið löguð að gerbreyttum aðstæðum á fjölmörgum sviðum fjármálaþjónustu, hagræðing aukin með breytingum á útibúanetinu, kynntar ýmsar lausnir á skuldavanda heimila, hafin markviss úrvinnsla á málum of skuldsettra fyrirtækja og grunnur lagður að nýrri framtíð undir nýju nafni. Á sama tíma hefur verið unnið skipulega að því að efla starfsandann sem beið hnekkir við fall gamla bankans í október 2008.

### NÝ SÝN – NÝ STEFNA

Síðustu vikur ársins voru viðburðaríkar í Arion banka. Þá voru leidd til lykta ýmis mál sem höfðu verið í deigluinni býsna lengi. Ég hef þegar nefnt eigandabreytinguna sem tilkynnt var 1. desember.

Nú er ljóst að Kaupþing banki – og með óbeinum hætti innlendir og erlendir kröfuhafar þess banka – mun eiga 87 prósent af hlutafé Arion banka. Ég tel að þetta hafi verið afar farsæl niðurstaða fyrir alla aðila, ekki síst íslenska skattgreiðendur.



Um svipað leyti tók bankinn upp nýtt nafn, stefnu, framtíðarsýn, markmið og gildi.

Loks nefni ég ýmsar lausnir á skuldavanda heimila sem bankinn kynnti í byrjun desember og hafa mælst vel fyrir meðal viðskiptavina. Á árinu hefur þannig verið lagður grunnur að ýmsu sem bankinn mun uppskera á næstu mánuðum og misserum.

### OF MARGIR BANKAR Í LANDINU

Ýmislegt hefur áunnist á fjármálamarkaði

á árinu en framundan eru fleiri mikilvæg verkefni. Ég nefni þau helstu:

- Ná fram frekari hagræðingu. Arion banki lokaði sex útibúum/afgreiðslustöðum á árinu og stýtti afgreiðslutíma sums staðar. Þá tók bankinn yfir rekstur Sparisjóðs Mýrasýslu og öll innlán SPRON þegar sá sparisjóður féll og þjónustar útlánin fyrir slitastjórn SPRON. Það þarf að gera betur því framboð af bankaþjónustu er einfaldlega of mikið. Núna eru fjórir aðilar að bjóða almenna bankaþjónustu um land allt, Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn og sparisjóðirnir. Að mínu viti duga tveir.

- Leysa úr skuldavanda fyrirtækja. Fjöldinn allur af stórum og smáum fyrirtækjum eru illa löskuð vegna of mikillar skuldsetningar, breytinga á rekstrarforsendum eða hvoru tveggja. Því fyrr sem tekið er á málum þeirra, þeim mun fyrr verður atvinnulífið heilbriggt og endurreisn hagkerfisins öflugri.


Í þessum úrvinnslumálum munu koma upp síðferðileg álitamál, einkum hvort vinna skuli með núverandi eigendum og stjórnendum, hvort gætt sé jafnræðis í afskriftum skulda og hvort bankarnir hafi óeðlileg áhrif á samkeppni með framgöngu sinni. Einstök mál munu verða umdeild og mistök munu verða gerð. Öttinn við það má þó ekki verða til að lama verkviljann.

- Endurreisa innlenda hlutabréfamarkað sem skaddaðist við bankahrunið í október 2008. Í öllum þróaðri ríkjum eru starfandi öflugir hlutabréfamarkaðir, enda eru þeir mikilvæg uppspretta fjármagns fyrir atvinnulífið og hagræðing og vettvangur fyrir skipulögð viðskipti. Bankarnir munu á næstunni eignast ýmis fyrirtæki að hluta eða öllu leyti og kauphallarskráning getur verið kjörin leið til að selja þessa eignarhluti. Þá hlýtur að koma til álitu að kauphallarskrá hlutabréf í bönkunum sjálfum þegar fram líða stundir.

### FRESTUN MÁLA HÆTTULEG

Þótt margt hafi áunnist í þjóðlífinu á árinu 2009 er samt eins og okkur hafi miðað skammt áfram. Það er eins og vonbrigðin, vantraustið, tortryggnin, beiskjan og reiðin séu enn það sterk að við náum ekki að hrista af okkur bölmóðinn. Því er hættan sú að við hjökkum í sama farinu næstu mánuði og misseri.

Ef við ætlum að fresta öllu á meðan við leitum að hinu fullkomna réttlæti, þá mun okkur ekki miða fram á veginn. Þá mun sífellt fleira fólk verða afhuga því að búa áfram hér á landi. Ég vil hins vegar trúa því að gamla góða íslenska seiglan og dugnaðurinn komi okkur út úr þeim vanda sem nú liggur fyrir á allra næstu misserum.



## RÍKISVÍXLASJÓÐUR

Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

90% ríkisvixlar og ríkisskuldabréf 10% innlán

- » Vixlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánnum.
- » Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- » Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- » Lágmarkskaup 5.000 kr.
- » Enginn munur á kaup- og sölugengi.



STEFNIR

Verðbréfabjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér Ríkisvixlasjóð hjá starfsfólki verðbréfabjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

STEFNIR.COM

# Klæða skrifstofuna vel

Íslensku Fansa skrifstofuhúsgögnin eru stílhrein, sveigjanleg og í takt við þarfir íslenskra fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á að allar einingar falli vel saman og þannig eru möguleikar á uppröðun ótalmargir, hvort sem skrifstofuhúsnæðið er lítið eða stórt. Hönnun Fansa húsgagnalínunnar er í höndum Valdimars Harðarsonar arkitekts.



Verið velkomin í sýningarsal okkar í Hallarmúla 4 og Hafnarstræti 93 á Akureyri.  
Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í síma 540 2000 eða sendu fyrirspurn á netfangið [husgogn@penninn.is](mailto:husgogn@penninn.is)



## Á NÆSTA ÁRI



**SVARTUR OG HVÍTUR SVANUR** Spá danska bankans Saxo Bank um næsta ár er líkt við kenningu fjármálamannsins Nassim N. Taleb um svarta svaninn og tilviljanir. Svartir svanir eru til en frávik.

MARKAÐURINN/AFP

## Danir rýna í framtíðina

Sérfræðingar hjá danska bankanum Saxo Bank telja að bandarískur almenningur verði svo ósáttur við dýrkeypt bankahrunið sem einungis nýttist bankamönnum sjálfum að hann stofni þriðja stóra stjórnsmálaflíð til móts við Demókrata og Repúblikana. Þá gerir bankinn ráð fyrir að rekstrarafgangur verði á bandarískum fjárlögum. Slíkt hefur ekki sést í bandarískum ríkisrekstri síðan um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Þetta er á meðal þess fram kemur í árlegri spá bankans um þá yfirgengilegu hluti sem sérfræðingarnir telja sig sjá.

Erlendir miðlar benda á að ekki beri að taka spádóma Saxo Bank allt of alvarlega. Þeim megi þó ekki heldur sópa undir teppi.

- jab

## SPÁDÓMAR SAXO BANK

- Vaxtaálag á ríkisskuldabréf mun falla samhlíða verðhjöðnun á seinni hluta næsta árs.
- Bandaríska almenningatryggingakerfið mun fara í þrot og þurfa stjórnvöld að koma því til bjargar með skattahækkunum, seðlaprentun eða lántökum.
- Heimsmarkaðsverð á gulli mun hrynja á árinu og fara undir 900 dali á únsu. Þegar líða tekur á árið leitast verðið upp á ný.
- Á nýju ári kemur í ljós að ekki er næg eftirspurn í hagkerfum heimsins til að vinda ofan af offramleiðslu.
- Saxo Bank mælir með því að fjárfestar í vaxtamunarviðskiptum losi um stöður sínar í japönskum jenum enda gengi gjaldmiðilsins í hæstu hæðum. Gert er ráð fyrir að Bandaríkjadalur styrkist á nýju ári og verða jenin þá ekki jafn hagstæð og áður.
- Bankinn mælir með því að eigendur japanskra ríkisskuldabréfa losi sig við þau.
- Þeir fjárfestar sem sérhæfa sig í hrávörumarkaðnum eiga að minnka stöður sínar í sykri. Uppskerubrestur á Indlandi og skortur á sykri á þessu ári leiddi til snarprar verðhækkunar á helstu mörkuðum.

**478** milljónir er upphæðin sem eigendur Milestone greiddu sér í arð í upphafi síðasta árs, þrátt fyrir að eigið fé fyrirtækisins væri neikvætt um 80 milljarða.

**30** yfirheyrslur hafa átt sér stað hjá sérstökum saksóknara vegna rannsóknar hans á viðskiptum Byrs og eignarhaldsfélagsins Exeter Holding.

**11.000** manns sáu kvikmyndina Bjarnfréðarson um jólahelgina.

# ÁRANGUR FYRIR KONUR



Góður árangur og frábær vitnisburður viðskiptavina okkar er okkur hvatning til að vinna stöðugt að endurbótum á þessum öflugum námskeiðum. Kynntu þér hvað hentar þér!

## Árangur



Hefst 11. janúar.  
Verð 22.900 kr.

### Árangur – 6 vikna námskeið fyrir konur

Byrjendanámskeið fyrir alla þá sem ekki hafa stundað reglulega þjálfun síðastliðna mánuði og vilja taka þjálfunina föstum tökum og komast vel í gang.

6- vikna átaksnámskeið fyrir alla þá sem vilja raunverulegan árangur. Kílóin fjúka á þessu uppfærða og endurbætta námskeiði sem hefur aldrei verið betra. Nýtt efni, ný uppbygging, nýjar æfingar sem eru einfaldar, skemmtilegar, árangursríkar. Æfingakerfið er þróað sérstaklega svo þú nái þínum markmiðum.

Innfalið:

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiádstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti
- Aðgangur að uppskriftavef Hreyfingar
- Mælingar – vigtun og fitumælingar

## Barnagæsla

Frábært starfsfólk tekur börnunum opnum örmum. Kynntu þér opnunartíma á hreyfing.is



Hefst 11. janúar.  
Verð 22.900 kr.

## Árangur / Síðustu 5 kíló

Losaðu þig við þessi síðustu „föstu“ kíló!

Fjölbreytt námskeið með mjög miklu aðhaldi. Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna. Losaðu við eilífa sætindabörf og leggðu grunn að nýju neyslumynstri sem grennir þig í eitt skipti fyrir öll.

- Mataræðið er tekið í gegn
- Lærðu að borða til að næra vöðvana þína og svelta fitufrumurnar
- Einfaldar æfingar sem miðast við að tryggja hámarks fitubruna
- Þú minnkar fitufrumurnar og styrkir og mótar vöðvana
- Þú minnkar ummál um mitti, læri og mjaðmir
- Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan
- Þú færð hvatningu, fróðleik og uppskriftir í tölvupósti 5x í viku

6- vikna námskeið – 3x í viku



## LÍKAMI OG SÁL


Styrktu líkamann og losaðu þig við streitu.

Þú styrkist, líðkast og endurnærst á líkama og sál. Góðar og árangursríkar styrktaræfingar, teygjur og slökun. Æfingar úr jóga, Pilates, Tai Chi og öðrum göðum æfingakerfum.

6- vikna námskeið – 2x í viku

**NÝTT!**

Hefst 11. janúar.  
Verð 16.900 kr.



**NÝTT!**

## Árangur / EFTIRBRUNI

Fyrir vanar konur

Í hverjum tíma er leitast við að ná að mynda hinn svokallaða eftirbruna. Þá verður aukinn fitubruni í margar klukkustundir eftir að æfingu lýkur. Námskeið fyrir þær sem hafa æft reglulega á árinu og vilja hámarka árangur sinn. Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna.

6- vikna námskeið – 3x í viku

Hefst 11. janúar.  
Verð 22.900 kr.

**HREYFING**  
HEILSULIND

**BLUE LAGOON**  
ICELAND  
geothermal spa

Álfheimar 74  
Sími: 414 4000  
hreyfing@hreyfing.is  
www.hreyfing.is

SAMSUNG  
CLX-3160FN



**LITA LASER-PRENTARI**  
SKANNI OG LJÓSRITUN  
FAXTÆKI

**SAMSUNG** Á SKRIFSTOFUNA  
– HEIMA EÐA Í VINNUMNI!

**FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI**

LITA LASERPRENTARI: Upplausn: 2400 X 600 dpi  
SKANNI OG LJÓSRITUN: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800)  
FAXTÆKI: Leshraði: 3 sek. pr/bls - Númeraminni: 30 beint  
ALMENNT: Pappírskakki inn/út: 150/100 blöð - Minni: 128 MB  
TENING: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX

**TILBOÐSVERÐ: 69.900,-**  
VERÐ ÁÐUR: 89.900,-



SAMSUNG  
CLP-310

**NÝR LITA LASER-PRENTARI**

NÝR, NETTUR, HLJÓDLÁTUR OG SKARPUR LASER LITA-PRENTARI

Upplausn: 2400 X 600 dpi  
Minni: 32MB  
Hljóðmagur: <49dB  
Stuðningur: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux  
Tenging: USB 2.0

**VERÐ: 45.900,-**

SAMSUNG  
ML-1640



**FÍNN LASERPRENTARI**

Laserprentari: Svart-hvítur  
Prenthraði: 16 bls./min.  
Upplausn: 1200 x 600dpi  
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux  
Tenging: USB 2.0

**VERÐ: 19.900,-**

**ORMSSON**

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800